


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is







FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
MÁNUDAGUR
31 maí 2010 — 125. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000



## Man tímana tvenna

*Kristján Pétur Guðnason hefur rekið Passamyndir á Hlemmtorgi í þrjátíu ár.*

**tímamót 20**



## Goðsögn kveður

*Leikarinn Dennis Hopper lést um helgina.*

**Fólk 24**



## Frábær árangur

*Alfreð Gíslason stýrði Kiel til Evrópumeistaratitils.*

**Sport 26**

## veðrið í dag




**BJART NORÐAUSTANLANDS** en skýjað að mestu sunnanlands og fer að rigna sunnan- og vestanlands þegar líður á daginn. Hiti verður víða á bilinu 9 til 16 stig.

**veður 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**VIÐ ERUM BESTIR!** Jón Gnarr og Einar Örn Benediktsson, tveir efstu menn á lista Besta flokksins, gátu ekki leynt gleði sinni þegar í ljós kom á laugardagskvöld að flokkurinn hafði unnið sögulegan stórsigur í borgarstjórnarkosningum. Þótt alvörunni hafi ekki verið fyrir að fara í kosningabaráttu Besta flokksins er ljóst að árangur hans er ekkert grín: Sex menn í borgarstjórn og úrslitavald um það hverjir munu stýra Reykjavíkurborg næstu ár.

# Dagur og Jón funda um samstarf í dag

### Samfylkingin og Besti flokkurinn hefja viðræður um meirihluta í Reykjavík. Nýr meirihluti að fæðast í Kópavogi. L-listi á Akureyri fékk hreinan meirihluta.

**KOSNINGAR** Samfylkingin og Besti flokkurinn hófu í gær viðræður um myndun meirihluta um stjórn Reykjavíkur. Fulltrúar flokkanna munu hittast aftur í dag. Besti flokkurinn hafði í gærkvöldi ekkert formlegt samband haft við Sjálfstæðisflokkinn og engir fundir voru fyrirhugaðir á milli þeirra.

„Besti flokkurinn hafði samband og óskaði eftir viðræðum um myndun meirihluta,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar. „Við erum bara á fyrstu metrunum í því.“

Jón Gnarr segir fundinn hafa verið óformlegan svo menn gætu séð hver framan í annan. Besti flokkurinn verði að fara í samstarf úr því að hann hafi ekki náð hreinum meirihluta. Jón gerir kröfu um borgarstjórastólinn, en það segist Dagur hins vegar ekki gera.



**FUNDAÐ UM MEIRIHLUTA** Forvígismenn Besta flokksins hittust á fundi í kosningamiðstöð sinni í gærkvöldi til að ræða stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR

Kosningarnar um helgina voru sögulegar víðar en í höfuðborginni. Á Akureyri fékk L-listi fólksins hreinan meirihluta, fyrstur flokka frá upphafi. Aðrir flokkar fengu einn fulltrúa hver.

Í Kópavogi, þar sem sjálfstæðis- og framsóknarmenn hafa ríkt í tuttugu ár, er nýr fjögurra flokka meirihluti svo gott sem kominn á koppinn án þeirra þátttöku. Þar hlutu tvö ný framboð brautargengi í kosningunum og komu hvort sínum manninum að í bæjarstjórn.

Hreinn meirihluti Samfylkingarinnar féll í Hafnarfirði og bæjarstjórinn Lúðvík Geirsson, sem skipaði baráttusætið, náði ekki inn. Fulltrúi Vinstri grænna er í oddastöðu og vill að flokkarnir þrír, Samfylking, Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur, starfi allir saman að stjórn bæjarins.

Gömlu flokkarnir fjórir tapa allir fylgi frá sveitarstjórnarkosningunum 2006 ef litið er til þeirra sveitarfélaga þar sem þeir bjóða fram í eigin nafni. Grétar Þór Eyþórsson stjórnmálafræðiprófessor segir þetta vera áfall fyrir flokkana.

**- kóp, sh** **/ sjá síður 4 til 16**

Fyrsta fegurðarkeppni homma:

## Herra Hinsegin valinn á Íslandi

**FÓLK** „Þetta er byggt upp eins og fyrirsætukeppni nema að undirfatasýning og annað slíkt er klippt út,“ segir Magnús Guðbergur Jónsson sem stendur fyrir fyrstu Hr. Hinsegin-keppninni á Íslandi.

Sigurvegarinn verður krýndur um næstu helgi og hafa átta skráð sig til leiks. Magnús keppti sjálfur í Mr. Gay World fyrir ári og mun sigurvegarinn um næstu helgi feta í fótspor hans.

**- fgg/** **sjá síðu 30**









**SPURNING DAGSINS**



*Hjálmar, eruð þið ekki bara þriðji besti flokkurinn?*

„Ja, í þessu meirihlutasamstarfi erum við næstbesti flokkurinn.“

Næstbesti flokkurinn í Kópavogi reyndist þriðji stærsti flokkur bæjarins þegar talið var upp úr kjörkössunum. Hjálmar Hjálmarsson er oddviti listans.

Vellauðugur Sádi Arabi setur á fót íslamska sjálfsteignarstofnun á Íslandi:

# Vill viðhalda íslömskum einkennum

**FÉLAGSMÁL** Sulaiman Abdullah Alshiddi í Sádi Arabíu og Hussein Al Daoudi í Svíþjóð hafa sett á laggirnar sjálfseignarstofnunina The Islamic Endowment in Iceland.

„Tilgangur félagsins er að stuðla að því að viðhalda íslömskum einkennum úr samfélagi múslima. Að auka mikilvægi og verja íslömsk einkenni múslimskra barna,“ segir meðal annars um tilgang nýju stofnunarinnar í bókum hlutafélagaskrár.

Enn fremur segir að ætlunin sé sú að hvetja múslima á Íslandi til að læra íslensku og aðstoða þá við að læra arabísku sem sé sameiginlegt tungumál múslima hérlendis.

Þá segir að tilgangur stofnunarinnar sé „að kynna fyrir múslimum á Íslandi lög og samfélagsvenjur Íslands“ og að kynna fyrir þeim réttindi og skyldur einstaklings í íslensku þjóðfélagi. Þá eigi að kynna samfélag múslima fyrir Íslendingum og vera „þátttakandi í staðbundnum tómstundaiðkunum fyrir börn og unglinga sem eru undir handleiðslu þar til bærra yfirvalda.“

Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, segist ekki hafa heyrt af stofnun hins nýja félags hér á landi og að forsvarsmenn þess hafi ekki verið í sambandi við Félag múslima á Íslandi. Salmann segir The Islamic Endowment vera með höfuðstöðvar í Örebro í Svíþjóð og stunda þar góðgerðar- og fræðslustarfsemi. Sulaiman Abdullah Alshiddi tilheyri yfirstéttinni í Sádi Arabíu og sé sterkefnaður. „Vonandi getur þetta nýja félag hjálpað til við byggingu mosku fyrir múslima á Íslandi,“ segir Salmann. - gar



**BÆNASTUND** Múslimar á Íslandi eru nú yfir sex hundruð talsins. Þeir hafa í ellefu ár sóst eftir að fá lóð undir mosku í Reykjavík en ekki fengið. Á meðan hafa þeir aðstöðu í Ármúlanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Loftrýmisgæsla:

## Þjóðverjar í fyrsta sinn

**VARNARMÁL** Þýski flugherinn mun sinna loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins á Íslandi frá 7. til 25. júní. Er þetta í fyrsta sinn sem Þjóðverjar taka að sér loftrýmisgæslu hér á landi.

Verða um 140 liðsmenn þýska flughersins staddir hér á landi vegna verkefnisins en flugsveitin kemur hingað til lands í boði íslenskra stjórnvalda og starfar í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun Atlantshafsbandalagsins fyrir Ísland. Flugsveitin kynnir sér aðstæður hér á landi frá 2. til 6. júní og mun meðal annars æfa lendingar á Keflavíkurflugvelli. - mmf

Dæmd bótaskylda:

## Kvaðst raspaður inn að kjöti

**DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt bótaskyldu á hendur fótaaðgerðafræðingi eftir að hann gerði aðgerð á sykursjúkum manni.**

**Í dóminum kemur fram að maðurinn hefði kveðið fótaaðgerðafræðinginn hafa farið með stóran öflugan járnrasp á iljar sér og tekið af alla húð inn að kjöti, þannig að af hafi orðið þrjú sár. Maðurinn var til meðhöndlunar á Heilsugæslu í átján mánuði vegna sáranna. Hjúkrunarfræðingur þar kvartaði til Landlæknis vegna þessa.**

**Dómurinn taldi sannað að eitt sára á fæti mannsins væri afleiðing aðgerðarinnar, óvíst væri með hin.** - jss

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Líkamsárás stöðvuð skjótt**

Enginn slasaðist í minniháttar líkamsárás sem átti sér stað í Keflavík aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum var árásin stöðvuð í fæðingu.

# Þriðjungur landsmanna er í skóla

**Nemendum í skólum hefur fjölgað frá því í fyrra. Alls er um þriðjungur landsmanna í skóla. Flestir háskólanemar stunda nám í félagsvísindum, viðskipta- og lögfræði. Færri ungmenni stunda nám á Suðurnesjum en annars staðar.**

**MENNTUN** Um þriðjungur landsmanna er í skóla af einhverju tagi, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Alls eru 107.012 nemendur á landinu öllu, en landsmenn eru 317.593.

Flestir eru á grunnskólastigi, eða tæplega 43 þúsund. Í framhaldsskólum ríflega 26 þúsund og ívið fleiri eru á stigum ofar framhaldsskóla en í leikskóla; 19.020 í háskólunum en 18.699 í leikskólunum. Nemendum fjölgaði um 1,4 prósent, eða 1.529, frá árinu 2009.

Að sama skapi hefur skólasókn 16 ára ungmenna aukist; hefur verið 93 prósent undanfarin þrjú ár, en er núna 95 prósent. Nokkur munur er á skólasókn þessa aldurshóps eftir landshlutum. Mest er hún á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum, en þar stunda 97 prósent 16 ára ungmenna nám. Töluvert færri stunda nám á Suðurnesjum, en þar eru 92 prósent 16 ára ungmenna í skóla.

Tölur Hagstofunnar sýna einnig hve mörg ungmenni heltast úr lestinni eftir fyrstu árin í framhaldsskóla. Haustið 2009 var hlutfall 17 ára ungmenna í skólum landsins 90 prósent en hlutfall 18 ára 81 prósent. Skólasókn hefur því einungis minnkað um 3 prósentustig hjá þeim sem voru 16 ára 2008 og eru 17 ára haustið 2009 og um 12 prósentustig hjá þeim sem voru 16 ára 2007 og eru 18 ára 2009. Þetta er óvenju lítil fækkun nemenda milli ára. Nemendum á háskólastigi fjölgaði um 6,5 prósent á milli áranna 2008 og 2009. Flestir þeirra eru skráðir í greinar sem falla undir félagsvísindi, viðskiptafræði og lögfræði. kolbeinn@frettabladid.is



**NÁMSMENN** Færri nemendur heltust úr lestinni í framhaldsskólum landsins árið 2009 en undanfarin ár. Möguleg skýring gæti verið slæmt ástand á vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Bruni í Fellabakaríi:

## Eina bakarí Egilsstaða brann

**ELDSVOÐI Eldur kom upp í Fellabakaríi á Egilsstöðum, eina bakaríinu á staðnum um sjöleytið í gærmorgun. Búið var að ráð niðurlögum eldsins um ellefu. Talið er að eldurinn hafi átt upptök sín í kaffistofu bakarísins en slökkviliðsmenn frá Seyðisfirði, Vopnafirði og Fjallabyggð ásamt björgunarsveitum voru kallaðar út til aðstoðar. Baldur Pálsson slökkviliðsstjóri segir vinnslusal bakarísins hafa bjargast.**

**„Mér varð ekki vel við,“ segir Björgvin Kristjánsson einn eigenda bakarísins sem staddur var úti í Eistlandi. „En ég vonast til að geta opnað sem fyrst aftur.“** - mmf

Lyfjafyrirtæki refsa Grikkjum:

## Hætta dreifingu fleiri lyfja

**GRIKKLAND** Danski lyfjaframleiðandinn Leo Pharma hefur ákveðið að hætta dreifingu tveggja vinsælla lyfja í Grikklandi. Það er gert í mótmælaskyni vegna þeirrar ákvörðunar grískra stjórnvalda að lækka lyfjaverð um 25 prósent. Í síðustu viku hætti annar danskur lyfjaframleiðandi, Novo Nordisk, dreifingu sinni á insúlíni af sömu ástæðu.

Forsvarsmenn Leo Pharma halda því fram að ákvörðunin muni valda auknu atvinnuleysi víða Evrópu. Grísk stjórnvöld benda hins vegar á fjárhagserfiðleika landsins og segja dönsku fyrirtækin beita fjárkúgunum. Þá halda forsvarsmenn Leo Pharma því fram að gríska ríkið skuldi fyrirtækinu 244 milljónir evra, eða um þrjátíu milljarða króna. - kg

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Tekinn á 118 í Hrútafirði**

Ökumaður í Hrútafirði var tekinn á 118 kílómetra hraða á klukkustund og í þvagsýni hans mældist kannabis.




„Top kill“-aðferð BP til að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa mistókst:

# Undirbúin fyrir hið versta

**UMHVERFISMÁL** Olíulekinn í Mexíkóflóa er versta umhverfisslys í sögu Bandaríkjanna, segir Carol Browner, orkumálaráðgjafi Hvíta hússins.

Browner, sem spurð var út í málið af sjónvarpsstöðinni NBC í gær, sagði einnig að Bandaríkin væru búin undir hið versta ef ekki tekst að stöðva lekann fyrr en í ágúst.

Olíufyrirtækið BP undirbýr nú nýjar aðferðir til að freista þess að stöðva lekann, en svokölluð „top kill“-aðferð, sem gekk út á að dæla þéttri leðju og úrgangsefnum niður í leka borholuna til að reyna að stöðva olíulekann, bar ekki árangur síðustu daga.

Doug Suttles, framkvæmdastjóri BP, sagðist í gær ekki geta útskýrt nákvæmlega hvers vegna sú aðferð hefði brugðist. „Okkur hefur ekki tekist að stöðva lekann og því teljum við að nú sé kominn tími til að reyna næsta möguleika,“ sagði Suttles. Hann viðurkenndi þó einnig að það væri engin leið að tryggja að ný aðferð bæri árangur, en talið er að ný tilraun geti ekki hafist fyrr en eftir fjóra daga í fyrsta lagi.

Vísindamenn telja að allt að 72 milljónir lítra af olíu hafi nú þegar lekið í sjóinn frá því að borpallur BP brann og sökk í apríl. Ellefu starfsmenn á borpallinum létust í slysinu. - kg



**OLÍUSLYS** Olíufyrirtækið BP undirbýr nú nýja aðferð til að reyna að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

Beint leiguflug
með Icelandair í allan vetur!



## Flugsæti

**Verð frá 89.0000 kr*
og 15.000**

4. jan. Tenerife
5. jan. Kanarí
Innifalið: flug fram og til baka til með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 99.000 kr.

## Flugáætlun

### Tenerife
7.,16. og 28. okt.
13. og 27. nóv.
11. og 21. des.
4. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
16. apr.

### Kanarí
27. nóv
11. og 21. des.
5. og 18. jan.
1. feb – 5. apr. vikulegt flug
17. apr.

## Tenerife



## Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.



Nýtt hjá VITA

## Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

**13. nóv.-27. nóv.**

**Verð frá 128.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvo börn (2-12) í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 154.100 og 15.000 Vildarpunktar.

*Verð án Vildarpunkta 138.500 kr.

## Kanarí



Aðeins hjá VITA

## Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðarhótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**29. mars.-5. apr.**

**Verð frá 118.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 3 fullorðna í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 115.500 og 15.000 Vildarpunktar.

Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 128.000 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50458 05/10

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

## GENGIÐ 28.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,65 | 129,27 |
| Sterlingspund | 187,55 | 188,47 |
| Evra | 159,54 | 160,44 |
| Dönsk króna | 21,439 | 21,565 |
| Norsk króna | 20,115 | 20,233 |
| Sænsk króna | 16,514 | 16,61 |
| Japanskt jen | 1,4115 | 1,4197 |
| SDR | 189,56 | 190,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,032

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Pólitískt landslag í Fjarðabyggð breytt eftir kosningarnar á laugardag:

# Sjálfstæðismenn í lykilstöðu

**FJARÐABYGGÐ** Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Fjarðabyggð hefja meirihlutaviðræður síðar í dag. Þreifingar um myndun meirihluta hófust í gær og eftir kvöldfund lá fyrir vilji til viðræðna byggður á sigri sjálfstæðismanna sem bættu við sig manni á kostnað Fjarðalistans. Meirihluti Fjarðalista og framsóknar hélt, en það er mat oddvita listanna tveggja að sjálfstæðismenn eigi að njóta þess að vera orðnir stærsti flokkurinn í Fjarðabyggð.

Jón Björn Hákonarson, oddviti framsóknarmanna, segir það skilaboð kosninganna að sjálfstæðismenn reyni meirihlutamyndun. „Það er ekki nóg að segja fyrir kosningar að menn ætli að virða skilaboð kjósenda. Sjálfstæðisflokkurinn vann góðan sigur og við bættum við okkur. Á þeim grunni var ákveðið að hefja viðræður.“

Jens Garðar Helgason, oddviti sjálfstæðimanna, segir nýja stöðu komna upp í stjórnmálunum eystra og í raun um stórtíðindi að ræða. Viðræður hafi gengið vel í gær og málefnalisti sé í smíðum. Viðræður flokkanna byggi á skýrum vilja kjósenda þar sem Fjarðalisti tapaði einn fylgi.

Elvar Jónsson, oddviti Fjarðalistans, segir sjálfstæðismenn sigurvegara kosninganna. Um meirihlutaviðræður þeirra og framsóknar segir Elvar framgang mála því eðlilegan. „Eins og ég hef alltaf sagt þá er það eðlilegt að þeir sem fengu bestu kosninguna reyni að mynda meirihluta. Við setjumst á hliðarlínuna og erum tilbúin ef það gengur ekki.“ - shá




Kosningar í Árnessýslu:

## Virkjanasinnar unnu stórsigur

**KOSNINGAR Tekist var á um virkjanir í neðri Þjórsá í kosningum í tveimur sveitahreppum í Árnessýslu, í Flóahreppi og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og hlutu framboð, sem sérstaklega voru stofnuð gegn áformuðum virkjunum, aðeins einn fulltrúa í hvoru sveitarfélagi, að því er kemur fram á visir.is.**

**Listar hlynntir virkjunum hlutu hins vegar fjóra fulltrúa og afgerandi meirihluta á báðum stöðum.**

**Gunnar Örn Marteinsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, túlkar úrslitin sem mikla traustsyfirlýsingu og skýr skilaboð frá kjósendum.** - shá

Segist luma á útflutningsvöru:

## Besti flokkur um allan heim

**KOSNINGAR** Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins í Reykjavík, sagði í Silfri Egils í gær að honum kæmi ekki á óvart ef flokkar á borð við Besta flokkinn yrðu stofnaðir út um allan heim í kjölfar góðrar útkomu hans í kosningunum.

Jón, sem sat fyrir svörum ásamt oddvitum Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna, sagðist hafa verið í viðtölum við marga erlenda fjölmiðla síðustu daga, þar á meðal Wall Street Journal. Í samtölum við erlenda blaðamenn kæmi fram greinilegur áhugi fyrir því að svipað framboð kæmi fram í þeirra heimalöndum. „Þetta er ekkert séríslenskt fyrirbrigði. Besti flokkurinn gæti orðið útflutningsvara,“ sagði Jón við mikinn hlátur hinna oddvitanna. - kg

# Jón gerir kröfu um borgarstjórastólinn

**Besti flokkurinn vann sögulegan sigur í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík og fékk sex borgarfulltrúa. Flokkurinn hefur hafið viðræður við Samfylkinguna um meirihlutamyndun. Jón Gnarr gerir enn kröfu um borgarstjórastól.**

**REYKJAVÍK** Besti flokkurinn vann mikinn sigur í borgarstjórnarkosningunum á laugardag. Rúmlega þriðjungur kjósenda, 20.666 manns, völdu flokkinn og gerðu hann að stærsta flokki borgarinnar. Hann hefur sex fulltrúa og getur myndað meirihluta með Samfylkingunni eða Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin og Besti flokkurinn hófu í gær viðræður um myndun meirihluta um stjórn borgarinnar.

„Ég hef lýst því yfir að mér finnist skilaboðin upp úr kjörkössunum vera krafa um breytingar og þess vegna er eðlilegt að kanna möguleika á myndun meirihluta, en við erum bara á fyrstu metrunum í því,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.

Jón Gnarr segir menn hafa átt óformlegan fund, rétt til að sjá hver framan í annan. Þar hafi verið farið yfir sviðið og meðal annars útskýrt hvað væri grín og hvað alvara í stefnuskrá Besta flokksins. Hann er bjartsýnn á útkomu viðræðnanna.

„Við náðum ekki hreinum meirihluta þannig að við verðum að fara í einhvers konar samstarf. Ekki viljum við valda stjórnarkreppu eða langvarandi óvissu fyrir starfsfólk Reykjavíkur.“

Jón gerir kröfu um borgarstjórastólinn og segist telja að sig verða mjög góðan borgarstjóra sem Reykjavík þarfnist í dag. Dagur segist ekki gera neina kröfu um að hann sjálfur verði borgarstjóri.






JÓN GNARR



DAGUR B. EGGERTSSON

Gjörbreytt landslag er í reykvískum stjórnmálum eftir kosningarnar á laugardag. Framsóknarflokkurinn þurrkaðist út úr borgarstjórn og vinstri flokkarnir töpuðu fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn missti tvo fulltrúa, fór úr sjö í fimm. Hann hefur tvo möguleika varðandi meirihlutamyndun; Besta flokkinn eða Samfylkinguna. Mikið var um útstrikanir hjá Sjálfstæðisflokknum; nær fjórði hver kjósandi flokksins breytti atkvæðaseðli sínum.

Samfylkingin tapaði einnig fylgi, missti borgarfulltrúa og hefur aðeins þrjá fulltrúa nú. Vinstri græn náðu inn einum manni, höfðu tvo áður.

Bæði Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokks, og Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, kalla eftir nýrri nálgun við stjórn borgarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is

## ODDVITARNIR

### Flokksmenn kusu aðra flokka

„Ljóst er að ekki kusu allir Framsóknarmenn flokkinn, við fáum um 1.600 atkvæði en flokksmenn eru um 3.000. Þeir sem voru ósáttir við oddvitaskiptin sýnist mér hafa kosið Sjálfstæðisflokkinn. Þetta eru fyrst og fremst mikil persónuleg vonbrigði og auðvitað líka fyrir flokkinn,“ segir Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins.

### Ásættanleg niðurstaða

Niðurstaðan er ásættanleg fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ef við skoðum niðurstöðu síðustu alþingiskosninga þá fékk flokkurinn 22% atkvæða í Reykjavík, en við fáum tæp 34%. Ég get því ekki verið annað en sátt við niðurstöðuna. Það var viðbúið að við myndum tapa fylgi. Ég hef lengi talað fyrir samstjórn allra flokka. Ég tel að niðurstöður kosninganna séu að kalla á ákveðnar breytingar sem falla vel að þeim hugmyndum,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

### Óverðskulduð niðurstaða

„Ég vildi fylgja mínum hugsjónum eftir svo lengi sem þess væri nokkur kostur. Ég er afskaplega hamingjusamur með að vera að hætta og er klárlega að segja mitt síðasta. Ég er mjög sáttur, en niðurstaðan var ekki verðskulduð,“ segir Ólafur F. Magnússon, oddviti H-lista.

### Niðurstaðan vonbrigði

„Niðurstaðan í Reykjavík er vonbrigði fyrir okkur í Vinstri grænum. En þetta er niðurstaða borgarbúa og okkur, 15 borgarfulltrúum, ber að vinna úr þeirri stöðu sem þeir hafa falið okkur. Það er ekkert borðleggjandi og ég held að farsælast sé að menn taki sér góðan tíma í viðræður,“ segir Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna. Hún segir nýrrar hugsunar þörf.




Stefnir þú að háskólanámi en vantar tilskilinn undirbúning?

HÁSKÓLAGRUNNUR

FRUMGREINANÁM HR BRÚAR BILIÐ

Sæktu um á **www.hr.is**

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL VÆTA**

Það er nokkur væta í kortunum næstu daga. Síðdegis í dag má búast við dálítilli rigningu sunnan- og vestanlands og á morgun verður einhver væta víða um land þó það líti út fyrir þurrviðri suðvestan-lands fyrri hluta dagsins.







**Á MORGUN**
Strekkingur sums staðar S- og V-lands.




**MIÐVIKUDAGUR**
Strekkingur við SA-strönd annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 19° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 29° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 21° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

strætó.is

# Strætó gengur lengra

Taktu Strætó að einhverri þeirra fjölmörgu skemmtilegu leiða sem lýst er í bókinni ***Náttúran við bæjarvegginn - 25 Gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu***.

Í bókinni lýsir Reynir Ingibjartsson því hve ljúft er að njóta náttúrunnar í grennd við borgina. Það er frábær heilsubót og einstaklega umhverfisvæn skemmtun.

Strætó gengur að velflestum þeim gönguleiðum sem fjallað er um í bókinni. Það er betra fyrir umhverfið að nýta Strætó til að komast á staðinn. Og ódýrara.

Allar nánari upplýsingar á strætó.is




**Gakktu lengra með Strætó**

ÍSLENSKA SIA.IS STR 50439 05/10

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að spila golf í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 20,1% |
| Nei | 79,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er sjómannadagurinn hátíðisdagur í þínum huga?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

6.915 kjósendur í Reykjavík af 63,019 strikuðu yfir nöfn eða breyttu röð á lista:

# Rúm 22% sjálfstæðismanna strikuðu yfir

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn átti 4.475 af þeim 6.915 kjörseðlum í borginni þar sem röð frambjóðenda var breytt eða strikað var yfir nöfn. Breyttir kjörseðlar munu þó engin áhrif hafa á það hverjir eru kjörnir, segir Kristín Edwald, formaður yfirkjörstjórnar.

Ekki liggur fyrir hvaða frambjóðendur voru mest strikaðir út en að sögn Kristínar verða birtar nánari upplýsingar um það næstu daga. Um helmingur kjósenda lista þyrfti að breyta kjörseðli til að það raskaði röðinni.

Í fyrstu tölum, sem birtar voru eftir lokun kjörstaða í Reykjavík, var breyttum og yfirstrikuðum atkvæðum haldið utan við tölurnar. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor, gagnrýndi verklag yfirkjörstjórnar harðlega í sjónvarpinu. Kristín segir að yfirkjörstjórn hafi fylgt þessari vinnureglu lengi. Fyrstu tölur hafi gefið rétta mynd af úthlutun kjörinna fulltrúa miðað við fjölda talinna atkvæða. **- pg**



**RÁÐHÚSIÐ** Útstrikanir á nöfnum frambjóðenda munu engin áhrif hafa á það hverjir verða borgarfulltrúar.

### 6.915 útstrikanir og breytingar

| Flokkur | fjöldi | % af atkvæðum lista |
|---|---|---|
| Framsóknarflokkur | 61 | 3,7 |
| Sjálfstæðisflokkur | 4.475 | 22,3 |
| Reykjavíkurframboðið | 9 | 1,3 |
| Frjálslyndir | 5 | 1,8 |
| H-listinn | 15 | 2,2 |
| Samfylkingin | 971 | 8,5 |
| VG | 474 | 11,1 |
| Besti flokkurinn | 904 | 4,3 |
| Samtals | 6.915 | |

Um 11,6% þeirra kjósenda í Reykjavík, sem skiluðu gildu atkvæði, strikuðu yfir eða breyttu röð frambjóðenda í kosningunum á laugardag. Útstrikanir voru hlutfallslega flestar hjá Sjálfstæðisflokknum.










# Erum að þessu fyrir fólkið en ekki listann

**Oddur Helgi Halldórsson spáði því á miðvikudag að L-listinn fengi meirihluta á Akureyri. Starf bæjarstjóra verður auglýst laust til umsóknar. Oddvitar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks eru ekki vissir um að þeir setjist í bæjarstjórn.**

**AKUREYRI** „Á miðvikudaginn bjóst ég við að þetta færi svona. Það datt af mér stressið og ég beið rólegur eftir kjördegi. Ég bjóst hins vegar ekki við þessu í janúar þegar ég ákvað að fara í þriðja sætið. Þá ætluðum við að vinna stórsigur og ná þeim gamla inn.“ Þetta segir Oddur Helgi Halldórsson, forvígismaður L-listans sem fékk meirihluta bæjarfulltrúa á Akureyri, sex af ellefu.

Oddur telur margt hafa stuðlað að stórsigri L-listans. Almenn útbreidd andúð á fjórflokkunum hafi hjálpað til, auk góðra stefnumála L-listans. Sú pólitík sem hann hafi stundað í gegnum árin hafi líka haft sitt að segja. „Mín störf eru þekkt. Ég stend fyrir heiðarleika og er sjálfum mér samkvæmur.“ Hann segir að meðal fyrstu verka verði að auglýsa eftir bæjarstjóra, auk þess sem líklega verði ráðist í aðgerðir til að mæta miklu atvinnuleysi í bænum. Ekki standi til að ráðast í stórkostlegar breytingar á fyrstu dögunum. „Við erum skynsöm og ætlum ekki að ráðast inn í ráðhúsið með hausinn á undan okkur og ryðja til borðum og stólum. Við förum varlega í hlutina. Við erum að þessu fyrir fólkið en ekki listann.“

Geir Kristinn Aðalsteinsson, sem skipaði fyrsta sæti L-listans, þakkar vandaðri og málefnalegri kosningabaráttu árangurinn. Hann hrósar líka öllu því fólki sem kom að verki. Það hafi lagt mjög hart að sér undanfarnar vikur og mánuði. Geir segir L-lista fólk vera samvinnufólk. Ekki standi til að einoka eitt né neitt heldur verði horft til samvinnu með öðrum flokkum.




## Hermann og Sigrún meta stöðuna

Meirihluti Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks kolféll. Hvor flokkur fékk einn mann kjörinn. Í leit að skýringum horfa oddvitar beggja til almennrar óánægju með flokka þeirra á landsvísu. „Við sjáum það mjög skýrt hér að hefðbundnum stjórnmálaflokkum er hafnað,“ segir Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar og fráfarandi bæjarstjóri. „Þetta á sér skýringu í bankahruninu og eftirmálum þess, styrkjamálum og því að fólki finnst ganga hægt að vinna okkur út úr efnahagslægðinni. Svo er fólk auðvitað líka að lýsa óánægju með störf okkar.“ Spurður hvort hann hyggist taka sæti í bæjarstjórn bendir Hermann á að hann sé kjörinn til þess. „Við eigum ekki að víkja nema sérstakar ástæður kalli á það. Ég mun fara yfir stöðuna með mínu fólki og kanna hvort hún kalli á eitthvað.“

Sigrún Björk Jakobsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, telur niðurstöðuna róttæka ásökun á hefðbundna stjórnmálaflokka. „Fólk er greinilega frekar tilbúið til að fylkja sér að baki sérframboðum heldur en við stjórnmálaflokkana.“ Hún segir að verk meirihlutans skipti líka máli, fólk hafi hafnað þeim. Spurð hvort hún ætli að axla ábyrgð á slöku gengi flokksins í bænum og segja sig frá bæjarfulltrúastarfinu kveðst Sigrún ekki hafa velt því fyrir sér. „Það er ekki tímabært að segja til um það. Ég verð bara að viðurkenna að ég er enn að melta þetta.“

Árni Sigfússon ánægður eftir að sjálfstæðismenn héldu sínu í Reykjanesbæ:

# Ánægður í ljósi atlögu ráðherra VG

**REYKJANESBÆR** Sjálfstæðisflokkurinn heldur hreinum meirihluta og sjö bæjarfulltrúum af ellefu í bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftir kosningarnar á laugardag. „Við erum mjög ánægð með þessa niðurstöðu í ljósi þeirrar hörðu atlögu sem við urðum fyrir á síðustu vikum,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðismanna.



**ÁRNI SIGFÚSSON**

Ráðherrar og þingmenn VG hafi sameinast um að berja á sjálfstæðismönnum í bænum. Vegna þess og rangrar fjölmiðlaumfjöllunar sé niðurstaðan enn ánægjulegri en ella: „Við höfum fengið ótvíræðan stuðning bæjarbúa sem stóðu með okkur,“ segir Árni. Fólkið hafi ekki hlustað á rangfærslur um bruðl í fjármálum enda viti það betur.

Samfylking hlaut þrjá menn kjörna og Framsóknarflokkur einn. VG kom ekki að manni. Síðast buðu Framsókn og Samfylking fram saman lista og fengu fjóra bæjarfulltrúa. „Þegar upp er staðið erum við stolt af því að hafa bætt við okkur miðað við þá niðurstöðu sem stjórnarflokkarnir fá yfir landið,“ segir Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar. Hann telur að óvinsældir ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega VG á Suðurnesjum, skýri varnarsigur Sjálfstæðismanna. Einnig hafi kjörsókn verið lítil. **-pg**



SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI

## Skynsemi, sparneytni - ánægja!




**Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrfifinn fólksbíll í millistærðarflokki frá Suzuki.**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 6.540 þús.
Meðaleyðsla 8,3L/100km




**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Verð frá kr. 4.520 þús. , bensin/beinskiptur
Meðaleyðsla 7,0L/100km, diesel,
8,8L/100 km, bensin



**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI SWIFT**
**Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4**
1,3L eða 1,5L vélar. Verð frá 2.690 þús.
Meðaleyðsla frá 6,2L/100km




**Nýr SX4 Sportjepplingur. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.740 þús.
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur




**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.**
**Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 2.990 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.




**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**
Verð kr. 2.490 þús.
Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.




**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær fritt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri. Verð kr. 2.190 þús.
beinskiptur. Meðaleyðsla 4,4L/100km.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

**SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, Maí 2010

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir fyrsta skáldsaga Þorbjargar Marinósdóttur?
2. Hver tekur við stöðu rektors Háskólans á Bifröst í þessari viku?
3. Hvaða stórafmæli fagnaði Austurbæjarskóli á laugardag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Meirihluti Sjálfstæðisflokksins í Stykkishólmi er fallinn:

# Sigurvegarinn ekki á lista

**STYKKISHÓLMSBÆR** L-listinn í Stykkishólmi er sigurvegari kosninganna í bænum. Listinn fékk hreinan meirihluta, fjóra fulltrúa, og felldi meirihluta Sjálfstæðisflokksins sem verið hefur við lýði í bænum frá árinu 1974. Aðeins munaði sex atkvæðum á L-listanum og sjálfstæðismönnum, sem að þessu sinni buðu fram með óháðum.

„Þetta er náttúrulega ekki góð tilfinning," segir Gretar D. Pálsson, oddviti sjálfstæðismanna, spurður hvernig það sé að missa áratugagamlan meirihluta. „En við teljum þetta nú fyrst og fremst sigur Gyðu Steinsdóttur, sem var bæjarstjóraefnið þeirra. Það er ekki mikill málefnaágreiningur á milli listanna, en þeir stilltu upp bæjarstjóraefni þótt hún væri ekki á lista og það virkaði. Þannig að þetta er hennar sigur."

„Ég vann ekki þessar kosningar alein, það segir sig alveg sjálft," segir Gyða Steinsdóttir, væntanlegur bæjarstjóri sem hefur búið í Stykkishólmi í hálfan fjórða áratug og rekur þar bókhaldsstofu. Gyða segir niðurstöðuna hafa komið sér á óvart en hlakkar til að takast á við verkefnið. **- sh**




Talningin kærð til sýslumanns:

# Samstaða ósátt við tvö atkvæði

**KOSNINGAR Samstöðulistinn í sameinuðu sveitarfélagi Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar ætlar að kæra talningu tveggja atkvæða til sýslumanns.**

**Telja Samstöðumenn vafa leika á hvort atkvæðið var greitt Lýðræðislistanum, eins og kjörstjórn úrskurðaði.**

**Eitt atvæði skildi framboðin að, Lýðræðislistinn fékk 171 atkvæði og þrjá menn kjörna en Samstöðulistinn 170 atkvæði og tvo menn kjörna. - bþs**

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

## Aðalfundur Gigtarfélagsins

**Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 2. júní, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún.**

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Stefán Már Gunnlaugsson sóknarprestur halda erindi er hann nefnir;
Að taka þátt og njóta lífsins með gigt.

*Allir eru velkomnir.*

Gigtarfélag Íslands

# Vilja alla flokka í meirihlutasamstarf

**Vinstri græn vilja reyna að ná saman stjórn þeirra þriggja flokka sem eiga bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Samfylkingin talar fyrir samstarfi félagshyggjuflokkanna. Vinstri græn eru í oddastöðu í sveitarfélaginu og ráða næsta meirihluta.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Fulltrúar þeirra þriggja flokka sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hittust á óformlegum fundum í gær. Heimildir Fréttablaðsins herma að Vinstri græn hafi stungið upp á að komið yrði á fót stjórn allra flokkanna.

Samfylkingin tapaði stórt í sveitarfélaginu og missti tvo fulltrúa. Þar á meðal bæjarstjórann, Lúðvík Geirsson, sem skipaði sjötta sæti listans. Vinstri græn héldu sínum fulltrúa en Sjálfstæðisflokkurinn bætti verulega við sig og vann tvo menn. Stóru flokkarnir eiga því hvor sína fimm fulltrúana sem setur Vinstri græn í oddastöðu með sinn eina mann.

Fulltrúar þeirra hittu hina flokkana á óformlegum fundum í gær. Samkvæmt heimildum blaðsins vill flokkurinn láta reyna á samstjórn allra flokkanna. Skilaboðin frá kjósendum hafi verið ákall um breytingar.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti flokksins, segist mjög hugsi yfir því hve fáir mættu á kjörstað og hve margir skiluðu auðu. „Hér voru ekki nema 65% sem mættu á kjörstað og 15% af þeim sem mættu skiluðu auðu. Ef einhvern tímann eru gefin skilaboð um að hugsa hlutina upp á nýtt þá er það núna."

Lúðvík segir niðurstöðu kosninganna mikil vonbrigði fyrir flokkinn. Hann vann stórsigur í síðustu kosningum og sjö menn og stefndi að því að halda sex núna. „Við erum að skoða þá möguleika sem eru í stöðunni fyrir myndun meirihluta. Jafnaðar- og félagshyggjuflokkarnir eru saman með meirihluta og mér finnst það skýr skilaboð frá kjósendum." Lúðvík segir vinstri flokkana hafa talað fyrir samstarfi fyrir kosningar og það ætti enn að standa. Hann vildi ekki segja hvort flokkurinn gerði kröfu um að hann yrði bæjarstjóri. Heimildir blaðsins herma að Vinstri græn geri ráð fyrir að Guðrún verði bæjarstjóri, verði af samstjórn.

Valdimar Svavarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segist í skýjunum eftir stórsigur flokksins. Hann segir menn opna fyrir ýmsum samstarfsmöguleikum, en ekkert sé fast í hendi ennþá. „Fólk er að ræða saman og við erum opin fyrir því að skoða ýmislegt. Það er hins vegar ekkert áþreifanlegt komið ennþá og allir möguleikar opnir." Taka verði tillit til þeirra skilaboða sem kjósendur gáfu í kosningunum og með lítilli þátttöku. **kolbeinn@frettabladid.is**






LÚÐVÍK GEIRSSON



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR



VALDIMAR SVAVARSSON

Orkuveita Reykjavíkur

Skordýr í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar skordýrafræðings, þriðjudagskvöldið 1. júní kl. 19.30. Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádýrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 50281 05/10

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. | Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar. | www.or.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Samfylking vann sigur á Akranesi en Sjálfstæðisflokkur tapaði tveimur mönnum:

# Nýr meirihluti í lok vikunnar

**AKRANES** Samkomulag milli Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna um að stefna að myndun nýs meirihluta á Akranesi var handsalað seinnipartinn í gær.

Samfylking bætti við sig tveimur bæjarfulltrúum í kosningunum á laugardag og hefur nú fjóra bæjarfulltrúa þar í bæ. Bæjarfulltrúum Framsóknarflokksins fjölgaði úr einum í tvo og Vinstri græn héldu sínum fulltrúa. Sjálfstæðisflokkurinn, sem hafði hreinan meirihluta í bænum eftir að bæjarfulltrúi Frjálslynda flokksins fór yfir í Sjálfstæðisflokkinn á miðju kjörtímabili, tapaði tveimur bæjarfulltrúum af fjórum, þremur ef bæjarfulltrúi Frjálslyndra er talinn með.

Sveinn Kristinsson, oddviti Samfylkingarinnar á Akranesi, segir að bæjarfulltrúar flokkanna þriggja ætli að taka sér vikuna til að búa til málefnasamning og mynda að því loknu nýjan og sterkan meirihluta. „Ég sé ekki að neitt ætti að koma í veg fyrir þetta, en við viljum vanda okkur. Bæjarfulltrúar Samfylkingar hafa haldið uppi málefnalegri gagnrýni á meirihlutann og einnig reynt að vísa veginn. Fólkið tók eftir því," segir Sveinn.

Gunnar Sigurðsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, segist hafa meiri áhyggjur af gengi ÍA í fótboltanum en bæjarpólitíkinni. „Ég er stoltur af þessu kjörtímabili og samstarfsfólki mínu. En úrslit kosninganna hljóta að verða til þess að innan flokksins hér á Akranesi verði gerðar breytingar til að liðka til fyrir nýju fólki," segir Gunnar. **- kg**








## Portúgal frá öðru sjónarhorni

**Fararstjóri:** Jón Karl Einarsson

Flestir Íslandingar þekkja einungis Algarvehéraðið í Portugal, en það er í raun skökk mynd af landinu. Í þessari ferð kynnumst við hinni hliðinni á landinu, er við ferðumst um mið- og norðurhluta þess, allt frá Lissabon, um Coimbra til höfuðborgar Portvínsins, Porto um iðjagrænar sveitir norðurhlutans. Þarna er öll saga landsins, vínhéruðin, háskólaborgirnar, fiskibæirnir og gömlu höfuðborgirnar.

Verð frá:

**191.650 kr.**

Verð á mann m.v. gistingu í tvíbýli með kvöldverðum, vínsmökkunum, skoðunarferðum alla daga og íslenskri fararstjórn.
Brottför: 8. júlí

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

ÚRVAL-ÚTSÝN

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

## Höfum styrkt stöðu okkar

„Heilt yfir þá er ég ánægður með að við sjálfstæðismenn erum að sækja í okkur veðrið. Við unnum mikilvæga sigra í þessum kosningum en hins vegar er ekki hægt að líta framhjá því að það felast í þessum kosningum skilaboð um óánægju með ástandið í landinu. Þau birtast auðvitað í Reykjavík og á Akureyri og víðar. En þegar staða Sjálfstæðisflokksins er borin saman við aðra flokka sem bjóða fram þá höfum við styrkt okkur verulega frá því fyrir ári síðan“, segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.


BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni segir að víða um land hafi ýmsum málum sem tengjast hruninu verið beitt gegn flokknum sem þrátt fyrir það hafi unnið góða sigra. „Það á við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu þar sem andstæðingar okkar voru stanslaust að tengja okkur við hrunið; biðja kjósendur um að hafna flokknum sem þeir vilja meina að beri ábyrgð á því. Það er ótvírætt að það var reynt að láta Sjálfstæðisflokkinn líða fyrir ástandið í landsmálunum. En niðurstaðan er hins vegar sú að kjósendur létu vinstri flokkana líða fyrir ástandið, og í því felast mikil tíðindi.“

Bjarni segir stóru tíðindin í borginni auðvitað vera árangur Besta flokksins. „Það dregur fram veikleikann í borgarstjórnmálunum á kjörtímabilinu. Af þessu verða menn að draga sína lexíu. Sjálfstæðisflokkurinn fékk mun betri útkomu í borginni en spáð var og það þakka ég málefnalegri kosningabaráttu og sterkum og vinsælum borgarstjóra.“ Bjarni segir ómögulegt að geta sér til um hvað gerist næst í borgarmálunum. „Við skulum ekki gefa okkur það að mikil lausung verði í framhaldinu. Verum vongóð um að flokkarnir komi sér saman um hvernig best sé að stjórna borginni næstu fjögur árin.“

# Allir flokkarnir tapa fylgi

**Stuðningur við alla fjóra stóru stjórnmálaflokkana hefur dregist saman frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Samfylkingin tapar hlutfallslega mestu. VG hafa tapað meira en helmingi frá þingkosningum í fyrra.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig er útkoma stóru stjórnmálaflokkanna fjögurra í samanburði við síðustu sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar?

Útkoma allra fjögurra stóru flokkanna í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag er lakari en úr sveitarstjórnarkosningunum 2006, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Miðað er við meðaltal atkvæða flokkanna í öllum sveitarfélögum sem þeir buðu fram í undir eigin nafni.

Í þeim sveitarfélögum sem Samfylkingin bauð fram í eigin nafni í kosningunum á laugardag fékk flokkurinn að meðaltali 22,1 prósent greiddra atkvæða. Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 fékk flokkurinn 30 prósent atkvæða þar sem hann bauð fram. Það er svipað og fylgi flokksins á landsvísu í alþingiskosningunum 2009, sem var 29,8 prósent.

Stuðningur landsmanna við Samfylkinguna hefur því dregist umtalsvert saman, um hér um bil átta prósentustig, hvort sem miðað er við síðustu sveitarstjórnarkosningar, eða þingkosningarnar í fyrra. Sjálfstæðisflokkurinn fékk að meðaltali 37,4 prósent atkvæða í kosningunum á laugardag. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006, fékk flokkurinn 41,6 prósent atkvæða, ríflega fjórum prósentustigum meira.

Niðurstaða sveitarstjórnarkosninganna á laugardag er þó langt yfir stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn í þingkosningunum í fyrra. Í þeim kosningum fékk flokkurinn 23,7 prósent atkvæða. Úrslitin frá því á laugardaginn er því góð séu þau skoðuð í því ljósi, þó þau séu slæm í samanburði við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Framsóknarflokkurinn fékk sína verstu kosningu frá upphafi í sveitarstjórnarkosningunum 2006. Þá studdu 11,8 prósent flokkinn í þeim sveitarfélögum þar sem hann bauð fram í eigin nafni. Útkoman á laugardaginn er enn slakari, um 10,9 prósent studdu flokkinn að meðaltali þar sem hann bauð fram.

Samanburðurinn við þingkosningarnar í fyrra er fráleitt hagstæðari fyrir flokkinn. Þar fékk Framsóknarflokkurinn 14,8 prósent atkvæða, um fjórum prósentustigum meira en meðaltalið á laugardag.

Vinstri græn fengu 9,6 prósenta fylgi í þeim sveitarfélögum þar sem flokkurinn bauð fram undir eigin nafni í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum. Það er talsvert verri niðurstaða en árið 2006, þegar 12,6 prósent studdu flokkinn þar sem hann bauð fram.

Stuðningur við flokkinn í sveitarstjórnarkosningunum er þó langt frá góðu gengi í þingkosningunum í fyrra, þegar 21,7 prósent studdu flokkinn. Munurinn á því góða gengi og slæmri niðurstöðu í kosningunum á laugardag eru ríflega tólf prósentustig. Miðað við það hefur flokkurinn tapað ríflega helmingi fylgisins.

Samanburður milli kosninga getur gefið ágæta mynd af gengi flokkanna á landsvísu, en rétt er að geta þess að margt getur haft áhrif. Til dæmis í hversu mörgum sveitarfélögum flokkarnir bjóða fram og hvort þeir bjóða bara fram í þeim sveitarfélögum sem þeir eru sterkir í. Þá hefur einnig áhrif að flokkarnir bjóða víða fram í samstarfi við aðra flokka. brjann@frettabladid.is

## Stuðningur við fjórflokkinn




## Segir uppstokkun geta kallað á afsagnir þingmanna

Niðurstöður kosninganna á laugardag eru áfall fyrir alla fjóra stóru flokkana, þó með ólíkum hætti sé, segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. Hann segir Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu hafa fengið skýrustu skilaboðin um að flokkarnir verði að gera róttækar breytingar eftir hrunið. Framsóknarflokkur hafi orðið fyrir áfalli á höfuðborgarsvæðinu og vonbrigði Vinstri grænna séu að ná ekki flugi.

„Þetta eru skilaboð til allra þessara flokka um að fólk vill fá einhverja nýja hugsun og er þreytt á hefðbundnum vinnubrögðum stjórnmálamanna,“ segir Grétar.

Hann segir að áhuginn á því að efna til þingkosninga á næstunni hljóti að vera í sögulegu lágmarki á Alþingi eftir þessa niðurstöðu. „Óvissan er svo mikil, þingmennirnir vita ekkert á hverju þeir eiga von. Þeir eru búnir að sjá hvað kjósendur eru tilbúnir til að gera,“ segir Grétar.

Niðurstaðan sýnir að kosið var til Alþingis of skömmu eftir hrunið. Grétar segir að of lítill tími hafi verið fyrir þá sem staðið hafi utan flokka að skipuleggja sig og bjóða fram. Aðeins Borgarahreyfingin hafi náð að bjóða fram og flokkurinn hafi ekki höfðað til allra. Nú segir Grétar augljóst hvað geti gerst þegar fólk hafi tíma til að átta sig á afleiðingum hrunsins og skipuleggja framboð. Það hljóti forsvarsmenn flokkanna að óttast.


GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

„Hvað Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu varðar held ég að þeir verði að fara af miklu meiri alvöru í þá uppstokkun sem þeir eru smám saman að fallast á að þurfi að ráðast í,“ segir Grétar. Formenn flokkanna verði að reka hraðar á eftir því að gengið verði í að hreinsa til eftir styrkjamál og mál tengd hruninu.

„Það getur þýtt afsagnir margra þingmanna áður en fólk tekur flokkana í sátt aftur,“ segir Grétar. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fráfarandi þingmaður Samfylkingar, hafi fyrst tilkynnt að hún ætli að víkja. Aðrir hafi reynt að sleppa með þann kattarþvott að víkja tímabundið. Það er ótrúverðugt og alls ekki sannfærandi fyrir kjósendur, segir Grétar. Kjósendur vilji aðgerðir og forystumenn flokkanna hljóti að sjá að þeir geti ekki tekið áhættuna af því að humma kröfur kjósenda fram af sér lengur.

Framsóknarflokkurinn sýpur að mestu leyti seyðið af því að hafa verið í ríkisstjórn skömmu fyrir hrun. Grétar segir augljóst að endurnýjun í framvarðasveit flokksins hafi ekki skilað neinu fyrir flokkinn. Ráðast verði í róttækari breytingar.

Þó Vinstri græn séu ekki plöguð af styrkjasukki frambjóðenda eða hruninu verða framboð flokksins fyrir verulegu hnjaski vegna þátttöku flokksins í ríkisstjórn, segir Grétar. Kjósendur virðist senda flokknum skýr skilaboð um að þeim líki ekki sá óstöðugleiki sem verið hafi í þeirra þingflokki í ríkisstjórnarsamstarfinu. Staðreyndin er sú að stjórnin er í mörgum tilvikum eins og minnihlutastjórn sem getur ekki náð erfiðum málum í gegnum þingið, segir Grétar. Flokkurinn eigi að láta sér þessa niðurstöðu að kenningu verða og sýna að hann sé stjórntækur.



## Stjórnmálaflokkarnir fengu gult spjald

„Það er ljóst að þessir hefðbundnu stjórnmálaflokkar eru að fá gula spjaldið, og þeir verða allir að taka sig alvarlega á,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, spurð um úrslit sveitarstjórnarkosninganna.

„Fólk er að kalla á bætt siðferði og segja allri spillingu stríð á hendur,“ segir Jóhanna. Kallað sé eftir betri vinnubrögðum stjórnmálamanna, og fólk vilji fá útrás fyrir reiði sína vegna hrunsins. Þá endurspegli slæmur árangur fjórflokksins tortryggni og vantrú á stjórnmálamönnum. Á því verði að taka og endurmeta vinnubrögð stjórnmálamanna og starfshætti.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna segist ekki sjá fram á að kjósa þurfi til Alþingis á næstunni. Þó þurfi að kjósa til stjórnlagaþings sem fyrst, svo almenningur fái tækifæri til að kjósa sína fulltrúa til að breyta stjórnarskrá lýðveldisins.

„Fólkið á að fá nýja stjórnarskrá sem fyrst, það hefur þurft að bíða allt of lengi eftir því,“ segir Jóhanna. Hún segist hlynnt því að auka beint lýðræði, til dæmis megi kjósa sérstaklega um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Jóhanna viðurkennir að Samfylkingin sé löskuð eftir kosningarnar, en segir það sama gilda um hina gömlu flokkana þrjá. Umbótanefnd flokksins sé þegar við störf og von sé á niðurstöðu hennar í haust.

Spurð hvort hún sé rétta manneskjan til að leiða flokkinn í þeim umbótum sem hún tali fyrir segir Jóhanna að hún skorist ekki undan ábyrgð á stöðu flokksins, en ekkert hafi komið fram sem kalli á breytingar á sinni stöðu.


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Mikil skilaboð

„Það má segja að tilfinningarnar séu blendnar,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, spurður um sveitarstjórnarkosningarnar á laugardag.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Hann segir flokkinn hafa misst fulltrúa í Reykjavík og á Akureyri, en bætt við fulltrúum í öðrum sveitarfélögum. Í heildina fjölgi bæjarfulltrúum flokksins, auk þess sem staða hans sé víða sterk í sameiginlegum framboðum.

„Því er ekki að leyna að það eru mikil skilaboð í þessum niðurstöðum,“ segir Steingrímur. Þar sameinist óánægja í samfélaginu með það sem gerst hafi undanfarið, vonbrigði með stjórnmálamenn og skortur á trausti á kerfinu.

Steingrímur segir miklu skipta hversu vel gangi að mynda meirihluta í sveitarfélögum víða um land. Mikið muni mæða á þeim eins og ríkisstjórninni á næstunni.

„Það er ekki óvenjulegt að ríkisstjórnarflokkarnir eigi erfitt uppdráttar á erfiðum tímum, en ég sé ekki að stjórnarandstaðan sé að koma neitt skár út úr þessu,“ segir Steingrímur. Verið sé að senda öllum stjórnmálaöflunum skilaboð, ekki bara einu.

Steingrímur segist ekki sjá að einhver einn leiðtogi á landsvísu eigi að axla ábyrgð á niðurstöðunni frekar en annar. Hann segir mikilvægt að halda stöðugleika og festu, það síðasta sem Ísland þurfi nú sé umrót í landsmálunum.

## Heilt yfir góð niðurstaða

„Á heildina litið er ég mjög sáttur við niðurstöðuna. Á þeim stöðum í þéttbýlinu þar sem komu fram óánægjuframboð liðum við, eins og hinir hefðbundnu flokkarnir, fyrir það“, segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, oddviti Framsóknarflokksins. Sigmundur leggur áherslu á að „víða um land“ séu kosningaúrslitin þau bestu í áratugi. Hins vegar sé útkoma flokksins tvískipt. Góð á landsbyggðinni en slæm í þéttbýlinu.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Sigmundur vill ekki tjá sig um gagnrýni Guðmundar Steingrímssonar, þingmanns flokksins, um að hann sem formaður beri ábyrgð á slæmri útkomu flokksins á höfuðborgarsvæðinu og að honum hafi mistekist að innleiða ný pólitísk vinnubrögð hjá flokknum í kjölfar endurnýjunar.







Lagadeild

Metnaður og gæði

Umsóknarfrestur til 5. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILD

www.hi.is


Sjálfstæðisflokkur bætir við sig manni í Garðabæ:

# M-listinn fékk mann

**GARÐABÆR** Sjálfstæðisflokkurinn í Garðabæ hélt meirihluta sínum og bætti við sig manni og er nú með fimm menn í bæjarstjórn. M-listi fólksins í bænum náði Ragnýju Þóru Guðjohnsen inn í bæjarstjórn en hún hefur verið varabæjarfulltrúi sjálfstæðismanna í tvö kjörtímabil. Samfylkingin náði einum manni inn en Framsókn engum.

„Þetta er góður dagur,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Garðbæingar eru greinilega ánægðir. Listinn er skipaður öflugu fólki og bæjarstjórinn er vinsæll.“

Ragný Þóra Guðjohnsen er ánægð með að hafa komist inn. „Þetta var stutt og snörp barátta. Við erum orðin næststærsti flokkur Garðabæjar, geri aðrir betur eftir fjórar vikur.“

Samfylkingin er að bjóða fram í fyrsta sinn í Garðabæ en var í samstarfi við Framsóknarflokk í síðustu kosningum. „Stemningin er þannig að það hjálpar okkur ekki að Samfylkingin sé í ríkisstjórn. Við megum vel við una en auðvitað vill maður alltaf meira,“ segir Steinþór Einarsson oddviti Samfylkingarinnar. - mmf




# Meirihlutaviðræður ganga vel í Kópavogi

**Tuttugu ára valdatíma sjálfstæðismanna og Framsóknar virðist lokið í Kópavogi eftir að meirihlutinn féll á laugardag. Viðræður Samfylkingar, Vinstri grænna, Næstbesta flokksins og lista Kópavogsbúa eru á góðum rekspöl, segja oddvitar.**

**KÓPAVOGUR** „Þetta lofar mjög góðu“, segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi. Viðræður um myndun nýs meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs stóðu með hléum í gærdag og fram á kvöld. Allar líkur eru á því að Samfylkingin, Vinstri-græn, Næstbesti flokkurinn og Listi Kópavogsbúa myndi nýjan meirihluta á allra næstu dögum.

Guðríður segir lítið bera á milli. „Það er margt órætt ennþá en það er einlægur vilji allra sem koma að þessu að vinna saman, enda var það markmið allra framboðanna að fella meirihlutann.“

Stóru línurnar voru ræddar í gær en áherslur nýrra bæjarfulltrúa falla vel að hugmyndafræði þeirra sem fyrir eru um verkefni næstu ára, að sögn Guðríðar. „Það sem sameinar okkur er sýn á að breyta áherslum hér í bænum og gera hann betri.“

Viðræður voru ekki komnar svo langt í gær að málefnasamningur hafi verið dreginn upp eða það rætt hvort til greina komi að ráða ópólitískan bæjarstjóra.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi féll í kosningunum á laugardag eftir óslitna valdasetu í tvo áratugi. Flokkarnir sem nú ráða ráðum sínum um nýjan meirihluta hafa sex bæjarfulltrúa af ellefu. Fylgið sem stendur að baki þeim er rúmlega 60 prósent.

„Það kom ekkert fram í dag [í gær] sem stendur í veginum fyrir því að þessi meirihluti verði myndaður“, segir Ólafur Þór Gunnarsson, oddviti Vinstri grænna. „Það er fullur vilji til að ljúka þessu verkefni hjá þeim sem að því koma.“





ÁRMANN KR. ÓLAFSSON


GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR


ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON


RANNVEIG ÁSGEIRSDÓTTIR

„Það eru sömu grunngildin sem þessi hópur stendur fyrir og ef næst saman, sem yfirburða líkur eru á, er framhaldið aðeins spurning um útfærslur. Við munum samt ekki ana að neinu. Það er líka ljóst að verkefnin eru ærin,“ segir Rannveig H. Ásgeirsdóttir, oddviti Lista Kópavogsbúa.

Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir meirihlutaviðræðurnar í bænum minna sig töluvert á R-listann í Reykjavík á sínum tíma. Það eina sem sameini hópinn sé viljinn til að halda Sjálfstæðisflokknum utan meirihlutans. Hann segir að fyrir meirihlutatíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hafi verð við lýði þriggja flokka stjórnir í Kópavogi. „Þá ríkti hér algjör stöðnun. Því hrýs mér hugur við tilhugsuninni um fjögurra flokka meirihluta. Ég held að það sé mjög flókið að halda slíkum meirihluta saman því hvert framboð hefur eigin áherslur. En, sem fyrr, stendur ekki á okkur að vinna að góðum verkum fyrir Kópavogsbúa.“ svavar@frettabladid.is

Meirihlutinn í Árborg féll en oddviti Sjálfstæðisflokks verður ekki bæjarstjóri:

# Meirihluti D-lista vill aukið samstarf

**ÁRBORG** Meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna í Árborg er fallinn. Framsókn tapaði einum fulltrúa til Sjálfstæðisflokksins, sem nú hefur fimm fulltrúa og hreinan meirihluta.

Eyþór Arnalds, oddviti sjálfstæðismanna, þakkar sigurinn fjölbreyttum hópi frambjóðenda og því að íbúar hafi viljað sjá ný vinnubrögð.

„Við leggjum áherslu á að byrja á sparnaði á toppnum; fækka bæjarfulltrúum, lækka laun bæjarstjóra og forðast öll gæluverkefni og setja þá litlu fjármuni sem til eru í að halda leikskólunum opnum og nota þá innviði sem við eigum,“ segir Eyþór, sem sækist ekki eftir bæjarstjórastólnum. „Við erum ekki endilega að horfa á hefðbundið meirihlutasamstarf heldur að það verði samráð allra bæjarfulltrúa og síðan viljum við ráða framkvæmdastjóra fyrir sveitarfélagið,“ segir hann.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar og fráfarandi bæjarstjóri, segir það vissulega vonbrigði að Sjálfstæðiflokkurinn hafi fengið hreinan meirihluta, þótt Samfylkingin hafi unnið varnarsigur og haldið sínum tveimur fulltrúum.

Spurð um yfirlýsingar Eyþórs um breytt vinnubrögð og aukið samstarf segir Ragnheiður boltann vera hjá Sjálfstæðisflokknum. „Það tala allir um samstarf núna og þarf svo sannarlega að auka samstarf. En það er nú ekki það sem maður hefur séð hjá þessum flokki. Vonandi mun það breytast.“ - sh



# Úrvalið er hjá okkur!

GILDIR TIL 2. JÚNÍ



BORÐ + 4 STÓLAR

**69.990,-**

Jutlandia Svart

SPARIÐ 16.960

Auðvelt viðhald

FSC

**LIVORNO borð + 4 VERONA stólar**
Fallegt og stílhreint, svart garðhúsgagnasett. Gott borð úr viðarlíki og flottir stólar með stillanlegu baki. Stólarnir eru úr áli. Stærð á borði: B90 x L150 H74 sm.
Borð **34.990,-** Stóll **12.990,-**



ALLIR BLÓMAPOTTAR **20%** AFSLÁTTUR



SÓLSTÓLL

**7.995,-**

**TORINO sólstóll**
Góður sólstóll úr stáli með þykkri sessu.
5 stillingar á baki.



Jutlandia Harðviður

SPARIÐ 12.980

BORÐ + 2 STÓLAR + BEKKUR

**39.990,-**

FSC

**ORLANDO borð + 2 stólar + bekkur**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Þolir íslenska veðráttu. Stærð á 3ja sæta bekk: L150 sm. Stærð á borði: B80 x L150 sm. Flott sett á góðu verði! Borð **19.990,-** Bekkur **16.990,-** Stóll **7.995,-**



SÓLBEKKUR

**7.995,-**

**BRESCIA sólbekkur**
Flottur sólbekkur úr stáli á frábæru verði! Stærð: B62 x L195 x H30 sm.



SPARIÐ 1.990

BORÐ + 2 STÓLAR

**7.995,-**

**PORTO borð + 2 SALERNO stólar**
Flott garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm.
Borð **3.995,-** Stóll **2.995,-**



SPARIÐ 2.980

BORÐ + 4 STÓLAR

**29.990,-**

**LARI borð + 4 ATLANTA stólar**
Flott garðhúsgagnasett á frábæru verði! Svart borð með hertu gleri. Stærð á borði: Ø105 x H70 sm. Armstólar í stíl. Sessa og bak eru úr sterku polyrattan efni. Borð**12.990,-** Stóll **4.995,-**



GARÐBORÐ FULLT VERÐ: 39.990,-

**19.990,-**

**50%** AFSLÁTTUR

**DAKAR garðborð**
Glæsilegt borð úr gegnheilum harðviði. Stórt og gott borð með stækkunarplötu. Lítilsháttar litagalli er í borðinu.
Stærð: L180/230 x B100 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Kannanirnar ofmátu fylgi Besta flokksins

**Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mældist talsvert undir kjörfylgi í öllum könnunum sem birtar voru dagana fyrir kosningar. Besti flokkurinn mældist yfir kjörfylgi. Ónákvæmni var meiri í könnunum nú en fyrir kosningarnar 2006.**

**KOSNINGAR** Skoðanakönnun Capacent Gallup sem birt var í Ríkissjónvarpinu á föstudag komst næst úrslitum sveitarstjórnarkosninganna í Reykjavík af þeim könnunum sem birtar voru opinberlega dagana fyrir kosningarnar.

Þrjár kannanir voru birtar frá miðvikudegi fram á föstudag. Allar ofmátu fylgi Besta flokksins og vanmátu fylgi Sjálfstæðisflokksins, og allar voru ónákvæmari en kannanir fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006.

Könnun Capacent Gallup fyrir Ríkisútvarpið, sem birt var á föstudag, komst í heildina séð næst úrslitum borgarstjórnarkosninganna. Að meðaltali munaði 1,7 prósentustigum á því fylgi sem könnunin mældi hjá hverjum flokki og því sem kom upp úr kjörkössunum. Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem birt var á fimmtudag, var heldur fjær úrslitunum. Að meðaltali munaði 2,1 prósentustigi á fylgi hvers flokks og kjörfylgi. Morgunblaðið birti á miðvikudag könnun sem Miðlun vann fyrir blaðið. Sú könnun var fjærst úrslitunum, og munaði að meðaltali 2,5 prósentustigum á fylgi hvers flokks í könnuninni og niðurstöðunum á kjördag.

Í öllum könnununum munaði talsverðu á mældu og raunverulegu fylgi Besta flokksins og Sjálfstæðisflokksins, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Munurinn á nákvæmni allra kannananna er meiri en fyrir kosningarnar 2006. Þá munaði að meðaltali 1,3 prósentustigum hjá Gallup, 1,8 prósentustigi hjá Fréttablaðinu og 1,9 prósentum hjá Félagsvísindastofnun. **brjann@**

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR
**SKOÐANAKANNANIR**




Guðmundur Steingrímsson þingmaður ósáttur við framgöngu eigin flokks:

# Gagnrýnir forystu Framsóknarflokks

**KOSNINGAR** Guðmundur Steingrímsson þingmaður Framsóknarflokksins segir forystu Framsóknarflokksins bera verulega ábyrgð á slöku gengi flokksins á höfuðborgarsvæðinu. Flokkurinn náði einungis manni inn í Kópavogi og á Álftanesi.

„Það er verulegur áfellisdómur yfir okkur í höfuðborginni að endurnýjun flokksins skyldi ekki hitta í mark,“ segir Guðmundur Steingrímsson. „Auðvitað er ábyrgðin forystunnar. Hún er kosin til ábyrgðar.“

Guðmundur segir Framsóknarflokkinn súpa seyðið af því að hafa ekki nýtt tímann frá endurnýjuninni í byrjun síðasta árs til að skapa stjórnmál fyrir hina nýju tíma. „Ég hef ekki verið sáttur við það hvernig spilast hefur úr eftir endurnýjun flokksforystunnar. Við stundum ekki nýja tegund af pólitík. Margir sem ég hef talað við telja að við höfum farið inn á þing í algerlega hefðbundna skotgrafapótitík. Skilaboðin af höfuðborgarsvæðinu eru þau að við eigum að láta af henni. Við verðum að taka þau til okkar.“

Guðmundur segir að flokksforystan verði nú að fara í öflugt starf við að endurhugsa hvernig stjórnmálin eigi að vera. **- mmf**

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hélt velli á Ísafirði:

# Framsókn útilokar ekkert

**ÍSAFJARÐARBÆR** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Ísafjarðarbæ hélt velli með sama fjölda bæjarfulltrúa og fyrir kosningar. Sjálfstæðisflokkur hélt sínum fjórum fulltrúum, Framsóknarflokkurinn sínum eina og Í-listinn, sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og óháðra, hélt fjórum mönnum.

Albertína Elíasdóttir, oddviti Framsóknar, segir þreifingar hafnar við Sjálfstæðisflokk um áframhaldandi meirihlutasamstarf. Hún hafi þó ekki útilokað neitt. „Ég hef haldið Sigurði [Péturssyni,oddvita Í-listans] upplýstum um gang mála,“ segir Albertína.

Eiríkur Finnur Greipsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins sem hlaut bestu kosninguna í bænum, segist afar ánægður með niðurstöðuna og gerir ráð fyrir því að meirihlutasamstarfið við Framsóknarflokkinn haldi velli.

Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans, er ekki sáttur við niðurstöðuna enda hafði hann vonast til þess að Í-listinn hlyti meira fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn og næði jafnvel hreinum meirihluta. „Við höfum auðvitað óskað eftir viðræðum við Framsóknarflokkinn ef hann vildi slíta sig úr þessu faðmlagi, sem hefur reynst honum misjafnlega, og bíðum eftir svari.“ **- sh**

Uppþvottavél - SE 45E234SK
Tilboðsverð:
119.900 kr. stgr.
(Verð áður: 139.900 kr.)

SIEMENS
Uppþvottavélar
nú á
tilboðsverði



Uppþvottavél - SN 45M200SK
Tilboðsverð:
144.900 kr. stgr.
(Verð áður: 169.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

Ráðuneytið birtir ekki tölur:

# Treystu á vef Ríkisútvarpsins

**KOSNINGAR Dómsmálaráðuneytið hefur enn ekki birt niðurstöður sveitarstjórnarkosninga, sem fram fóru á laugardag, opinberlega.**

**Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu var engin vakt um helgina til að taka saman niðurstöður kosninganna og setja inn á kosningavef ráðuneytisins. Þess í stað treystu starfsmenn ráðuneytisins á að Ríkisútvarpið myndi birta niðurstöðurnar í helstu sveitarfélögum landsins á vef sínum.**

**Mikið álag var á vef Ríkisútvarpsins vegna kosninganna, mest á kosninganóttina. Á kosningavef dómsmálaráðuneytisins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar var því aðeins hægt að fræðast um niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna árið 2006 í gærkvöldi.** **- bj**

## SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR: Úrslit

### Suðvesturkjördæmi

#### Álftanes

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 1 | Á | 11,4% |
| - | 1 | B | 19,1% |
| 3 | 4 | D | 47,2% |
| - | 1 | L | 13,3% |
| - | 0 | S | 8,9% |

Á Áltaneshreyfingin B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn L Óháð framboð S Samfylkingin

#### Kjósarhreppur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 1 | Á | 19,7% |
| 2 | 2 | K | 40,8% |
| - | 2 | Z | 39,5% |

Á Á listinn K Kröftugir Kjósamenn Z Framfaralistinn

#### Mosfellsbær

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | - | B | 11,2% |
| 3 | 4 | D | 49,8% |
| - | 1 | M | 15,2% |
| 2 | 1 | S | 12,1% |
| 1 | 1 | V | 11,7% |

B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn M Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ S Samfylkingin V Vinstri græn

#### Seltjarnarnes

| | | | |
|---|---|---|---|
| | - | B | 6,5% |
| 5 | 5 | D | 67,2% |
| 2 | 1 | N | 15,7% |
| | 1 | S | 19,6% |

B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn M Neslistinn S Samfylkingin

### Norðvesturkjördæmi

#### Blönduósbær

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | 1 | L | 53,5% |
| 2 | 1 | S | 46,5% |

L Listi fólksins S Samfylkingin og félagshyggjufólk

#### Borgarbyggð

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 0 | A | 6,4% |
| 3 | 2 | B | 26,7% |
| 2 | 3 | D | 26,9% |
| 2 | 2 | S | 20,5% |
| 2 | 2 | V | 19,6% |

A Svartilistinn B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn S Samfylkingin V Vinstri græn

#### Grundarfjarðarbær

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 3 | D | 44,4% |
| 3 | 4 | L | 55,6% |

D Sjálfstæðisflokkurinn L L-listi bæjarmálafélagsins Samstöðu

#### Bolungarvíkurkaupstaður

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 4 | D | 60,6% |
| 3 | 3 | K | 39,4% |

D Sjálfstæðismenn og óháðir K Bæjarmálafélag Bolungarvíkur

#### Húnavatnshreppur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5 | 3 | A | 49,6% |
| 2 | 4 | E | 50,4% |

A Listi framtíðar E Nýtt afl

#### Húnaþing vestra

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | 2 | B | 32,3% |
| 2 | 4 | D | 45,5% |
| 1 | 1 | S | 22,1% |

B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn S Samfylkingin

#### Hvalfjarðarsveit

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 3 | E | 36,1% |
| | 1 | H | 23,8% |
| | 3 | L | 40,1% |

E Eining Hvalfjarðarsveit H Listinn (Heild) L Hvalfjarðarlistinn

#### Ísafjarðarbær

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | B | 14,3% |
| 4 | 4 | D | 42,2% |
| 4 | 4 | Í | 39,8% |
| | 0 | K | 3,8% |

B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn Í Í-listinn K Kammónistalistinn

#### Skagafjörður

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 4 | B | 40,3% |
| 3 | 2 | D | 24,6% |
| 0 | 1 | F | 10,0% |
| 1 | 1 | S | 9,0% |
| 1 | 1 | V | 16,2% |

B Framsóknarflokkurinn D Sjálfstæðisflokkurinn F Frjálslyndir og óháðir S Samfylkingin V Vinstri græn

#### Snæfellsbær

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 4 | D | 59,5% |
| 3 | 3 | J | 40,5% |

D Sjálfstæðisflokkurinn J Bæjarmálasamtök Snæfellsbæjar

#### Strandabyggð

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 3 | J | 50,8% |
| | 2 | V | 49,2% |

J J-Listi Félagshyggjufólks V Vinstri græn

(Gráar súlur: Kosn. 2006)

Framhald á síðu 16

# REYKINGAR

& konur

1. tbl. | 2010



## AF HVERJU AÐ HÆTTA?

**10** góðar ástæður til að hætta

1. Léttari öndun
2. Heilbrigðara hjarta
3. Minni líkur á krabbameini
4. Þú getur hætt án þess að þyngjast
5. Meiri regla á tíðahringnum
6. Minni hætta á beinþynningu
7. Heilbrigðari meðganga
8. Fallegri húð
9. Heilbrigðari tennur
10. Ferskari andardráttur

## KRABBA MEIN

í lungum

## ÓFRJÓSEMI

Reykingar minnka frjósemi

Í dag er

## DAGUR ÁN TÓBAKS

31. maí 2010

**Flettu blaðinu og fáðu hjálp við að hætta á reyklaus.is eða í síma 800 60 30**

LÝÐHEILSUSTÖÐ

ENNEMM / SÍA / NM42195



**GARÐHÚSGÖGNIN** þarf yfirleitt að hreinsa eftir íslenska vetur, pússa, skrúbba og lakka. ILVA á Korputorgi selur sniðugan pakka í einu lagi, með sandpappír, svampi og öllum tilheyrandi efnum.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447









„Þegar ég fer í sumarbústað hendi ég garni í poka og gríp töskuna með. Svo get ég ákveðið hverju ég fitja upp á þegar ég er komin á staðinn,“ segir Guðrún Árný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Prjónarnir á sínum stað

**Fátt finnst Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur, kennara og tónlistarkonu, meira slakandi en að grípa í prjóna yfir góðri mynd. Því er taskan sem hún geymir þessi ómissandi verkfæri í, sjaldan langt undan.**

„Þetta er taska sem ég fékk þegar ég var pínulítil og hún hefur fylgt mér síðan. Einu sinni var barbídót í henni, einu sinni ponyhestar og einu sinni litir. Nú eru það prjónarnir,“ segir Guðrún Árný og opnar netta tösku með öllum stærðum og gerðum af prjónum og nálum. „Mér finnst nauðsynlegt að hafa þetta tiltækt og þykir fátt eins slakandi og að prjóna yfir góðri mynd, þegar tími gefst til. Þegar ég fer í sumarbústað hendi ég garni í poka og gríp töskuna með. Svo get ég ákveðið hverju ég fitja upp á þegar ég er komin á staðinn því ég hef allt við höndina.“ Hún kveðst prjóna talsvert á strákana sína tvo, tveggja og fimm ára en minna á sjálfa sig. „Mér finnst mest gaman að prjóna á lítil börn. Þá eru flíkurnar svo fljótar að verða til,“ segir hún brosandi.

Guðrún Árný er nýkomin heim úr vinnu sinni við Álftanesskóla en þar kennir hún bæði almenn fög og sönglist. „Ég reyni að vera heima með strákunum mínum síðdegis því á kvöldin fer ég oft að sinna tónlistaræfingum, bæði í söngsveit sem ég er í og kemur fram við ými tilefni og svo var ég að taka upp lag í stúdíói til að setja inn á tonlist.is. Þetta er lagið Dreymir sem Land og synir gerðu frægt en í öðru vísi útfærslu. Ég spilaði það inn á diskinn og söng um leið, þannig að upptakan líkist mest lifandi flutningi. Þetta er óskaplega fallegt lag og þegar ég söng það var ég að hugsa til alls ástfangna fólksins sem er að gifta sig og halda upp á brúðkaupsafmælin.“

*gun@frettabladid.is*



**FALLEG EFNI** er ekki alltaf auðvelt að finna. Hins vegar er ein flottasta fjársjóðskista vefnaðarvöru á vefslóðinni volksfaden.de en það er þýsk vefnaðarvöruverslun sem sendir efni um allan heim. Síðan er einnig á ensku.








## Betra bragð

**Þau sannindi að matur bragðast betur úti undir berum himni eru gamalreynd. Það er líka skemmtileg tilbreyting að leggja á borð úti þegar vel viðrar þó það kosti dálitla fyrirhöfn.**

Ef engin garðhúsgögn eru til er einfaldast að breiða teppi á grasið og setjast flötum beinum með samloku.

Ef borðhaldið á að vera eitthvað formlegra mætti bera sófaborðið út í garðinn og leggja á borð með litríkum diskum. Til þæginda mætti henda nokkrum púðum í kring til að sitja á. Svo er hægt að skreyta borðið með lifandi blómum úr garðinum.



Lagt á borð úti í garði.



„Við sáum vannýttan markað í því fólki sem hefur haft einhver kynni af landi og þjóð," segir Hilmar Tómas Guðmundsson sem stendur að síðunni www.hdyli.is



Munir úr smiðju hönnuðarins Yrsu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Selja íslenska hönnun til fólks sem þekkir landið

**Næstkomandi helgi opnar ný vefsíða www.hdyli.is en skammstöfunin stendur fyrir How do you like Iceland. Þar verða til sölu íslenskra sérvaldar vörur og er ætlunin að herja á nýjan markað.**

„Okkur fannst vanta hnitmiðaðri markaðssetningu á íslenskum vörum auk þess sem við sáum vannýttan markað í því fólki sem hefur haft einhver kynni af landi og þjóð," segir Hilmar Tómas Guðmundsson, einn þeirra sem standur að nýrri vefsíðu www.hdyli.is, sem hleypt verður af stokkunum sunnudaginn 6. júní.

Að sögn hans kallast markaðsleiðin sem aðstandendur hinnar nýju vefsíðu ætla að nýta sér „aftermarketing". Þannig verða þeir í samstarfi við aðila innan ferðaþjónustunnar við að kynna síðuna fyrir fólki sem hefur komið til Íslands, ferðast um landið og gist á hótelum. Hann telur enda fólk sem hefur haft einhver kynni af landi og þjóð líklegra til að vilja fjárfesta í íslenskri hönnun en aðra.

„Við fáum aðgang að nafnalistum hjá hótelum, flugfélögum og ferðaþjónustum og bjóðum síðan því fólki að koma á síðuna og versla með góðum afslætti," útskýrir Hilmar og nefnir að fyrst um sinn verði áherslan lögð á Ameríkumarkað og síðar á Asíu.

Markmið vefsins er að draga fram sérstaka íslenska hönnun sem þó gefur þverskurð af landi og þjóð. Meiri áhersla verður lögð á gæði en fjölda. „Við verðum aðeins með 60 til 70 vörur í boði í einu og líklega verður vörum skipt út reglulega," segir hann og bætir við að reynt verði að hygla nýjum hönnuðum og ferskri nálgun í hönnun.

Vefsíðan mun beina sjónum að líðandi stundu. „Við verðum með ákveðið þema í hverjum mánuði og veljum nokkrar vörur sem eru einkennandi fyrir það þema á forsíðu vefsins. Til dæmis ullarþema, jólaþema, páskaþema og þorraþema svo dæmi séu tekin." Þema júnímánaðar verður „Clear sky" eða horft til himins en þó mun eima eftir af gosáhrifum. „Ráðuneytið hefur látið útbúa sérstaka poka með íslenskri ösku sem verða gefnir með öllum vörum sem keyptar eru í gegnum vefsíðuna fyrst um sinn."

Hilmar er vefmarkaðsfræðingur og einn eigenda Ráðuneytisins sem kemur að verkefninu sem ráðgefandi aðili. „Síðan eru með okkur einstaklingar sem hafa áhuga á íslenskri hönnun, auk þess sem ferðaþjónustur og fyrirtæki innan hönnunarbransans koma að verkefninu," segir Hilmar og nefnir nokkra hönnuði sem verða með vörur á síðunni þegar hún opnar á sunnudaginn. Það eru Helga Mogensen, Yrsa, Færid sem að standa þau Þórunn Hannesdóttir, Karin Eriksson og Herborg Harpa Ingvarsdóttir, Óðinn Björgvinsson og Jens Kristinsson í Hraunhúsum."

*solveig@frettabladid.is*



Einn af hönnuðunum sem verður með vörur á síðunni er Óðinn Bolli Björgvinsson sem meðal annars hefur hannað stólinn Laut.




Fyrstu viðskiptavinir vefsíðunnar fá sérhannaðan poka í kaupbæti en í honum er íslensk aska.


visir.is
"...ég sá það á vísi"

**Flottir sumarskór úr leðri, mjúkir og þægilegir.**







Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM



www.mk.is
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

FASTEIGNIR.IS
22. TBL. 31. MAÍ 2010
vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASALA ÍSLANDS
VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
Haukur Geir Garðarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

MÁVAHRAUN - HAFNARF. - SKIPTI Einb.



Á þessum vinsæla stað, einbýlishús á einni hæð ásamt stórum bílskúr, samtals 186 fm. Stofa, borðst., 5-6 herb, eldhús, þvottahús, baðherb., gestasnyrting. Flísar og parket. Góð hellulögð s-verönd. Laust. Skipti á minni eign ath. Verð 42,8 millj.

HOLTSBÚÐ - GARÐABÆ Einb.



í einkasölu einbýlishús á einni hæð ásamt góðum bílskúr, samtals 160 fm. Frábær staðsetning. Stofa, borðst., 3 góð herbergi, baðherb., sauna. Góð suðurverönd og garður. Stutt í skóla og þjónustu. Miklir stækkunarmöguleikar. Skipti ath. á minni eign. Verð 39,8 millj.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Helluvað
Rúmgóð 2ja herb./Sérlega gott aðgengi.



Hraunhamar kynnir sérlega fallega íbúð á jarðhæð í lyftufjölbýli í Norðlingaholtinu. Íbúðin er 89,2 fm auk þess fylgir íbúðinni stæði í lokaðri bílageymslu. Breiðari hurðir og sérlega gott aðgengi. Gott bílastæði. Íbúðin er smekklega innréttuð og rúmgott svefnherbergi cirka 20 fm. Vönduð eign sem hægt er að mæla með. Laus strax.
**V. 19.8 millj.**

**Gott áhvílandi lán cirka 15,2 millj.**

**Nánari uppl. veitir Hlynur í síma 698-2603**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali




**Ýmis sjónarhorn á sömu rými eru sýnd á svokölluðu „innliti“ sem Fasteignasalan Miklaborg býður upp á á vef sínum. Ásamt því er sýnt á grunnmynd af eigninni hvar skoðendur eru nákvæmlega staddir hverju sinni.**

# Fólki auðveldað að skoða fasteignir á vefnum

**Fasteignasalan Miklaborg býður upp á nýjung í sölu fasteigna sem þeir nefna Innlit. Innlit felst í því að seljendur fasteigna fá tækifæri til að kynna eign sína í gagnvirku vefumhverfi þar sem sýndar eru atvinnuljósmyndir af fasteigninni ásamt grunnmyndum.**

Innlitin verða til sýnis fyrir kaupendur á vefslóðinni www.miklaborg.is og verða mjög aðgengileg þar sem notendur geta flutt sig úr einu rými húsnæðisins í annað og skoðað einstök rými út frá ýmum sjónarhornum. Samhliða því sem kaupendur klikka á ljósmyndir birtast upplýsingar á grunnmyndinni um hvar þeir eru staddir hverju sinni út frá grunnteikningu eignarinnar. Hugsanlegir kaupendur geta því „gengið“ um eignina og skoðað hana nánast eins og þeir væru á staðnum.

Helstu kostir þessarar nýjungar er að auðveldara er fyrir kaupendur að átta sig á möguleikum viðkomandi eignar og hvernig hún hentar þeim út frá fjölskyldustærð, skipulagi og öðru. Einnig getur verið gott að skoða eignina með þessum hætti á netinu eftir að farið hefur verið á staðinn í eigin persónu, áður en endanleg ákvörðun er tekin um kaup.

Fasteignasalan Miklaborg býður þeim seljendum sem skrá eign sína í einkasölu fyrstu viku júlímánaðar, ókeypis innlit, grunnmynd af eigninni og atvinnuljósmyndun.

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar




Sölusýning á morgun þriðjudag frá kl 16:30-17:30.
**Sléttuvegur 11 - eldri borgarar.**
Um er að ræða 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu 5 hæða fjölbýlishúsi. Húsvörður í húsinu. V 19,5 m.




**Laugarnesvegur**
Góð 90 fm íbúð á 2 hæð í fallegu sjö íbúða fjölbýli byggðu 1985. Tvö góð herbergi og góðar suðursvalir. V. 21 m.



**Þrastarás - 4ra herbergja**
Mjög rúmgóð og falleg 107,1 fm endaíbúð með sérinngangi á 2 hæð í snyrtilegu 3ja hæða litlu fjölbýlishúsi.



**Laufrimi - Falleg**
67 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er vel skipulögð og rúmgóð. Parket og flísar á gólfum. Vestursvalir og mikið útsýni Áhv 15,3 m



**Látraströnd 28 Seltjarnarnesi.**
Mikið endurnýjar 190 fm endaraðhús með innbyggðum bílskúr. Húsið álklætt að utan, yfirbyggðar svalir, nýjar innréttingar, 6 svefnherbergi, góður garður og fallegt útsýni. Kauptilboð - Bein sala.



**Klapparhlíð - 4ra & bílskúr**
Vönduð 100 fm endaíbúð á efstu hæð með miklu útsýni og sérstandandi 27 fm bílksúrs. Getur selst með eða án bílskúrsins. V. 25,9 m.




**Skipasund.**
Einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr alls 144,5 fm. 5 herbergi 2 stofur. Þetta er hús sem býður uppá mikla möguleika til stækkunar ef vill. Skipti á stærra.



**Digranesvegur - Sérhæð .**
Vel skipulögð 155 fm sérhæð á tveimur hæðum. Fjögur góð svefnherbergi, suðursvalir og útsýni. V. 34,9 m .



**Hörðukór - auðvel kaup.**
Mjög falleg 99,5 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt stæði í bílskýli í fallegu fjölbýlishúsi í Kórahverfinu Kópavogi.



**Bárugata - 2ja herb.**
Mjög vel staðsett og nýuppgerð björt og falleg 62 fm íbúð með sérinngangi. Garður í suður. V 19,9 m.



**Keilugrandi**
mjög góð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýli ásamt stæði i bilageymslu. Íbúðin er á tveim hæðum og er möguleiki á að herbergi séu fjögur. Endurnýjuð og góð eign. Verð 31 millj.



**Álfaskeið.**
Góð 3ja herbergja efri sérhæð með 16 fm aukaíbúðarherbergi í kjallara. Góð staðsetning við hraunið. Nýlegir gluggar og gler. Leigumöguleikar. Áhv 15,0 m



**Skógarás - 3ja herb.**
Góð 90 fm íbúð á 2. hæð. Góðar svalir og mikið útsýni. Barnvænt og rólegt hverfi. Tilboð óskast.




**Sóleyjarimi.**
Fallegt og vandað 218 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. V. 49,0m. Áhv 22,0m.

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Reykjabyggð 51 - 270 Mosfellsbær






Mjög fallegt 180,1 m2 einbýlishús á einni hæð við Reykjabyggð. Falleg aðkoma er að húsinu, bílaplan og gönguleið að húsi er hellulögð og garðurinn gróinn. Góð staðsetning í rólegum botnlanga. **V. 39,9 m.** 4940

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00 í Reykjabyggð 51.**

## Gvendargeisli - 113 Reykjavík





Falleg og rúmgóð 121 m2 3ja herbergja íbúð með sér inngangi, ásamt bílastæði í bílakjallara við Gvendargeisla 46. Stór verönd og garður í suður. Hurðar , skápar og innéttingar eru úr eik. Skipt möguleg á sérbýli í Grafarvogi, Grafarholt eða Mosfellsbæ. **V. 26,9 m.** 4942



**Melhagi - 107 Reykjavík**
Falleg 83,6 m2, 3-4ra herbergja risíbúð við Melhaga 10 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi, stofu og borðstofu. Frábær staðsetning stutt í Háskóli Íslands og alla þjónustu. **V. 24,9 m.** 4915



**Lækjarmelur 8 - 116 Reykjavík**
125 til 135 m2 atvinnuhúsnæði með millilofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. U.þ.b. 100 m2 vinnslusalur með vélslípuðu gólfi og 32 m2 milliloft með stálstiga og stálhandriði. Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þriggja fasa rafmagn.Snyrting með salerni og handlaug er í rýminu auk skolvasks. **Verð frá 12 m.** 4939



**Fitjahlíð - Skorradalur**
Fallegur 39,4 m2 sumarbústaður auk góðs svefnlofts, í landi Fitja í Skorradal. Mikið útsýni Skorradalinn og Skorradalsvatn. **V. 10,5 m.** 4941



**Stórikriki 2 - 270 Mosfellsbær**
Glæsilegar og rúmgóðar 2-4ra herbergja íbúðir í nýju 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með fallegum innréttingum. Bílastæði í bílakjallara fylgir öllum íbúðum.
**Verð frá 18,9 m.** 4891




**Rúgakur - 210 Garðabær**
Rúmgóð og glæsileg 158 m2, 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, rúmgott svefnherb., baðherb./þvottaherb., stofu, borðstofu, eldhús og hjónasvítu með fataherbergi, baðherbergi og svefnherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt 25,3 m2 sér geymslu í lokuðum bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni.
**V. 36,5 m.** 4920




**Rúgakur - 210 Garðabær**
Rúmgóð og glæsileg
159 m2, 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, rúmgott svefnherb., baðherb./þvottaherb., stofu, borðstofu, eldhús og hjónasvítu með fataherbergi, baðherbergi og svefnherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt 25,3 m2 sér geymslu í lokuðum bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Glæsilegt útsýni! **V. 38,5 m**. 4921




**Línakur 1 - 210 Garðabær**
Mjög falleg 160,7 m2, 5 herbergja endaíbúð með sérinngangi á 2. hæð með miklu útsýni, við Línakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í anddyri, hol, 4 svefnherb., 2 baðherb., þvottaherb., eldhús, stofu og borðstofu. Vönduð tæki, fallegar innréttingar og gólfefni. Mjög fallegt útsýni. **V. 36,9 m.** 4913




**Hallakur 4A - 210 Garðabær**
Björt 3ja herbergja, 106,8 m2 íbúð á jarðhæð við Hallakur 4A í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðherb., og tvö svefnherb. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara. Íbúðin er björt og falleg. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. Hellulögð verönd í suðvestur. **V. 23,5 m.** 4901




**Árakur - 210 Garðabær - Aðeins 4 hús eftir**
Falleg 2ja hæða raðhús á skjólsælum stað við Árakur á Arnarneshæðinni. Húsin er klætt ýmist flísum eða báraðri álklæðningu sem gefur því nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Húsin eru tilbúin til innréttinga.
**Verð frá 37 m.** 7848



**VALHÖLL FASTEIGNASALA**

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

**www.Valholl.is**

**Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð**



Sigþór Bragason
s: 899-9787
Lögg.fast.Sali.



Jón Rafn Valdimarsson
s: 695-5520
Lögg.fast.Sali.



**Sumarhús Húsafelli**
Fallegur og notalegur bústaður í landi Húsafells ásamt innbúi. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Stofa og eldhús í opnu rými með tveimur ísskápum. Baðherbergi með sturtuklefa með nuddi og gufu. Fyrir ofan svefnherbergi er geymsluloft. Nýjar útihurðir. Góður og nýlegur pallur umhverfis bústað. . Heitur pottur er á palli, hann er með sírennsli. Nýjar sængur fylgja með. V. 11,5 millj. Nánari upplýsingar veitir Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520.



**Sumarhús Þingvöllum**
Sumarhús á kjarri vöxnu svæði í landi Nesja á Þingvöllum. Bústaðurinn er skráður 39,1 fm en að viðbættu setstofu á efri hæð og viðbyggingu er bústaðurinn um 50-60 fm að stærð. Uppsátur er fyrir bát í Hestvíkinni. Stofa og eldhús samliggjandi. Fallegur arinn prýðir stofuna og þaðan er útgengt á stóran útsýnispall. Inn af eldhúsi er svefnherbergi. Frá stofu er stigi upp að svefnlofti sem rúmar auðveldlega 3-4 einstaklingsrúm. Hugguleg setstofa á efri hæð með fallegu útsýni út að Þingvallavatni. V. 14,9 millj. Uppl: Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520, jonrafn@valholl.is



**Sumarhús Laugarvatn**
Fallegur og notalegur bústaður í landi Snorrastaða umvafinn trjágróðri staðsettur við Stekká og á 5000 fm eignarlandi í grennd við Laugarvatn. Heitt og kalt vatn er í bústaðnum ásamt rafmagni. Rúmgott svefnherbergi. Stofa og eldhús í opnu rými ásamt borðkrók, falleg kamína í stofu. Gestahús er til hliðar við bústað með sér inngang. 46 fm bústaður að viðbættu 10-12 fm svefnlofti. V. 16,9 millj. Nánari uppl: Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520.



**Sumarhús Þingvöllum**
Vandaður heilsárs bústaður á steyptum grunni á 5000 fm eignarlandi í landi Miðfells Þingvöllum. Heitur pottur á verönd. Snyrting með sturtu. Stofa með fallegri kamínu. Tvö svefnherbergi eru í bústaðnum og því til viðbótar hefur verið reist rúmgott gestashús sem stendur sér við bústaðinn sem rúmar vel tvíbreitt rúm. Pallur er umhverfis húsið. Geymsla fyrir eldivið við lóðarmörk. V. 18,5 millj. Uppl:Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520



**Sumarhús Eyrarskógi**
Notalegt 38 fm sumarhús ofarlega í Eyrarskógi með frábæru útsýni. Ástand eignarinnar er gott, timburklæðning vel varinn fyrir veðri og vindum og bárujárn á þaki. Innbú fylgir með í kaupum. Tvö svefnherbergi með spónarparket á gólfum. Baðherbergi með vaski og klósetti en hægt væri að koma 80x80 cm sturtuklefa þar fyrir. Stofa og eldhús liggja saman. Falleg kamína í stofu sem dugar vel í köldu veðri til upphitunar húss. Bústaðurinn er kynntur með rafmagnsofnum. Kalt vatn hefur verið leitt inn. Nýlega var rotþró endurnýjuð. V. 8,9 millj. Uppl: Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520,



**Sumarhús Skorradal**
46,8 fm sumarhús í landi Vatnsendahlíðar í Skorradal. Húsið skiptist i litla forstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofu með útgengi út á stóra timburverönd og eldhúskrók. Parket á gólfum. Rafmagnshitun. Bústaðurinn er panelklæddur að innan. Vel skipulagður. Um er að ræða leigulóð, nýr leigusamningur. V. 12,5 millj. Uppl: Bárður hjá Valhöll S: 8965221.

# Sumarhúsasala Valhallar

*– Fagmenn í sölu sumarhúsa*

**Framkvæmum lögbundna skoðun og faglega myndatöku á öllum sumarhúsum, eiganda að kostnaðarlausu.**

**Erum að skoða suðurland og vesturland allan júní mánuð – Mikil eftirspurn, vantar allar stærðir á skrá.**




**Sumarhús Á**
66 fm sumarh ... dælaholt í Skeiða
og Gnúpver ... ðurinn skiptist í 2
svefnher ... rgi, góða stofu, eldhús og
góðar ... t svefnloft er yfir hluta hans.
Gó ... nda bústaðarins. Bústaðurinn er
... mjög góðu viðhaldi alla tíð. Aðeins
... en þar er verslun, bensínstöð og
... Uppl: Bárður hjá Valhöll




**Sumarhús Ei**
Fallegur bústað ... als í Kjós. Bústað-
urinn stend ... inni með fallegu
útsýni yf ... Hvalfjörð. Vel hefur verið
hugsa ... , ástand hans gott og góður
úts ... erfis hann með heitum potti. Tvö
... u í bústaðnum, annað með kojum
... íbreiðu rúmi. V. 9,8 millj. Uppl: Jón
... alhöll S: 695-5520




**Sumarhús Sk**
Glæsilegur búst ... ðastaða Skorradal
vel staðsettu ... svæði með frábæru
útsýni yfir ... eitir m.a. sést til
Snæfell ... rísdögum. Heitt og kalt vatn
ásam ... staðar. Eignin selst með öllum
hú ... asetti frá Línunni, eldhústækj-
... orð og stólar, nýjar dýnur og útigrill
... e nefnt. V. 21,9 millj. Uppl: Jón Rafn
... S: 695-5520

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Blikanes - Garðabæ



Glæsilegt 265,0 fm einbýlishús á einni og hálfri hæð með innb. einföldum bílskúr á þessum eftirsótta stað á sunnanverðu Arnarnesinu. Húsið var mikið endurnýjað árið 2005 á vandaðan og smekklegan og skiptist m.a. í samliggjandi bjartar stofur, 4 svefnherbergi, stórt eldhús með miklum hvítum sprautulökkuðum innréttingum og 2 baðherbergi. **Hús að utan endurnýjað. Falleg ræktuð lóð sem hefur verið mikið endurnýjuð m.a. hellulögn og lýsing. Stór ný verönd með heitum potti.**

### Holtás- Garðabæ



Glæsilegt 247,4 fm einbýlishús á fallegum útsýnisstað við opna svæðið í Ásahverfinu. Húsið er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Allar innihurðir og innréttingar eru úr hlyni og gólfefni eru náttúruflísar og parket. Stofur með gólfsíðum gluggum, arni og útgangi á tvennar svalir. Stór eyja í eldhúsi og vönduð tæki. Sjónvarps- og setustofa með arni. 4 svefnherbergi. **Afar fallegt útsýni úr stofum yfir hraunið, til sjávar og að Snæfellsnesi. Lóð með hellulögðum veröndum.**

### Vesturbær - einbýlishús

Fallegt og afar vel skipulagt 238,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk 29,0 fm sérstæðs bílskúrs. Gólfsíðir gluggar eru á stórum hluta neðri hæðar og er því húsið mjög bjart og skemmtilegt. Stórar stofur með arni. Eldhús með borðaðstöðu í alrými. Sjónvarpshol með ofanbirtu og arni. Fjögur svefnherbergi, en teikningar bjóða upp á sjö svefnherbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Harðviður er í gluggum og útihurðum. Tvennar svalir og falleg ræktuð lóð með verönd til suðurs. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.



### Tómasarhagi. Neðri sérhæð

Mjög falleg 109,1 fm neðri sérhæð auk 30,6 fm. bílskúrs í góðu þríbýlíshúsi. Hæðin skiptist í forstofu, hol, rúmgóða stofu og borðstofu með góðum gluggum til suðurs, eldhús, 2 herbergi og nýlega uppgert baðherbergi. **Svalir út af stofu. Hús teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt. Verð 38,0 millj.**



### Reykjahlíð. Efri hæð og ris

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 129,8 fm efri sérhæð og ris auk 24,5 fm bílskúrs. Íbúðin var öll endurnýjuð fyrir nokkrum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Hæðin skiptist í hol, opið eldhús með eyju, stofu, borðstofu, 3 herbergi og baðherbergi. Geymsla í kjallara. Franskir gluggar í stofum og í anddyri. **Svalir til suðurs með útsýni yfir gróinn sameiginlegan garð. Verð 35,9 millj.**



### Efstaleiti. Eldri borgarar.

Glæsileg 127,5 fm íbúð á 2. hæð í þessu eftirsótta húsi „Breiðablik". Stórar stofur með útgengi á stórar svalir til suðurs. 2 góð herbergi og rúmgott eldhús með frönskum glerhurðum inn í stofu uggum. Útsýnis nýtur af svölum. Sér geymsla og sér stæði í bílageymslu. Mikil sameign m.a. sundlaug, gufubað o.fl. **Laus til afhendingar strax. Verð tilboð.**



### Leiðhamrar.

**Spjalldömur 908 1616**
Opið þegar þér hentar.
908 1616.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hefðbundnu flokkarnir fengu skell í kosningunum.

# Hrist upp í pólitíkinni

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna hrista rækilega upp í hinu pólitíska kerfi á Íslandi. Hefbundnu flokkarnir fjórir fá skell, sem á sér fá fordæmi. Þótt forystumenn flokkanna geti vísað til einhverra ljósra punkta, eru skilaboð kjósenda skýr og flokkarnir komast ekki hjá því að horfast í augu við það. Uppgjörið og siðbótin, sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kallaði á, hefur að mati margra kjósenda látið á sér standa. Kosningaúrslitin þrýsta á flokkana að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Allir fjórir gömlu flokkarnir fá lakari kosningu en í sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum ef litið er á fylgi þeirra í sveitar-félögum, þar sem þeir bjóða fram í eigin nafni. Mest minnkar fylgi Samfylkingarinnar. Ríkisstjórnarflokkarnir og Framsóknarflokkurinn fá líka mun verri kosningu en í þingkosningunum á síðasta ári, en Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar talsvert betri.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Málið er því flóknara en svo að kjósendur hafi eingöngu verið að refsa flokkunum, sem voru við stjórn í aðdraganda bankahrunsins. Þannig njóta Vinstri græn, sem sátu ekki í ríkisstjórn á árunum fyrir hrun, ekki nema um helmings þess fylgis sem þau fengu í þingkosningunum í fyrra. Að einhverju leyti spilar óánægja með ríkisstjórnina því inn í úrslitin. Líklega telja margir að þeir hafi ekki fengið það sem var lofað þegar ný stjórn tók við völdum í kjölfar „búsáhaldabyltingarinnar".

Ein áhrif kosningaúrslitanna verða væntanlega þau að nýjar þingkosningar eru tæplega á næsta leiti. Ein ástæðan er að ríkisstjórnin mun ekki vilja taka slíka áhættu og líklega reyna að lappa upp á samstarfið. Í raun hafa allir hefðbundnu flokkarnir ástæðu til að óttast kosningar. Andrúmsloftið meðal kjósenda er augljóslega þannig að þeir eru opnir fyrir nýjungum. Ný framboð, sett fram jafnt undir merkjum gamans og alvöru, eins og Bezti flokkurinn í Reykjavík og Listi fólksins á Akureyri, geta náð árangri, sem einu sinni hefði þótt óhugsandi í tiltölulega niðurnjörvuðu flokkakerfi. Af hverju ætti það sama ekki að eiga við ef kosið yrði til Alþingis? Flokkarnir sem nú sitja á þingi munu því hafa lítinn áhuga á kosningum í bráð; þeir þurfa að taka til í eigin ranni fyrst.

Árangur Bezta flokksins í Reykjavík er sögulegur, jafnt í sögu Íslands og á heimsvísu. Nú reynir á hvort flokkurinn er traustsins verður og hvort hann stendur við fyrirheit sín um að breyta pólitíkinni. Miðað við það hvernig Jón Gnarr, leiðtogi framboðsins, talaði bæði fyrir og fyrst eftir kosningar kom á óvart að Bezti flokkurinn hefur nú byrjað það sem virðast vera ósköp hefðbundnar meirihlutaviðræður við Samfylkinguna.

Getur verið að strax daginn eftir kjördag sé Bezti flokkurinn byrjaður að glata hæfileikanum til að koma á óvart og fara nýjar leiðir? Það væri ekki í fyrsta sinn sem sprengiframboðs, sem gefur fyrirheit um róttækar breytingar, bíðu slík örlög. Jón Gnarr og félagar eru búnir að tryggja sér síðu í Íslandssögunni, en hvað verður kaflinn langur?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

www.gitarskoli.is

**Gítarnámskeið**

**„Crash course"**

Fyrir byrjendur og lengra komna

Hefst 7. Júní

Verð: 33.000 kr.

8 einkatímar

4 vikur 2 tímar í viku

Skráning í síma: 581-1281

gitarskoli@gitarskoli.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Reynsluboltarnir



Sérkennilegt var að fylgjast með fyrstu sjónvarpsviðræðunum hjá Rúv á kosningakvöldið. Öllum mátti ljóst vera að fyrstu tölur voru sérkennilegar, þar sem útstrikuð atkvæði höfðu verið tekin til hliðar. Flestum var það líka, nema reynsluboltunum Boga Ágústssyni og Ólafi Þ. Harðarsyni. Saman eiga þeir áratugareynslu af kosningum en þeir komu þó alveg af fjöllum þegar þeim bárust tíðindin af útstrikuðu atkvæðunum. Hneykslun þeirra á þessum almæltu tíðindum var þó skemmtileg áhorfs.

### Skringileg umræða

Umræður oddvita framboðanna voru einnig sérkennilegar. Þar ræddu menn um niðurstöðu kosninganna út frá hinum skökku tölum. Viðræðurnar voru oft á tíðum út úr kú og upplýsingagildi þeirra ansi vafasamt. Eins voru yfirlýsingar sumra oddvitanna út frá sömu tölum hálfpinlegar á að hlýða.

### Keikur í hjarta Kópavogs



Ný framboð settu víða strik í reikninginn og miklar breytingar urðu á landslagi stjórnmálanna. Það átti við um Kópavog, þar sem tvö ný framboð litu dagsins ljós. Framsóknarflokkurinn var lengi vel ekki með mann inni, en á síðustu metrunum slefaði Ómar Stefánsson inn á kostnað annars manns Næstbesta flokksins. Í viðtali við Rúv var ekki að sjá á Ómari að þarna hefði hann sloppið fyrir horn; keikur stóð hann í hjarta Kópavogs, Hamraborginni, og talaði eins og sigurvegari.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Beint lýðræði í næstu kosningum


Beint lýðræði



Sverrir Björnsson

Hönnuður


Í fyrsta sinn í sögunni frá því í Grikklandi hinu forna og Alþingi á landnámsöld er tæknilega hægt að koma á fullkomnasta formi lýðræðis, beinu lýðræði.

Beint lýðræði þar sem kjörgengir borgarar kjósa beint og milliliðalaust um öll mál. Lykillinn er netið, því nú er tæknilega einfalt og öruggt að kjósa um netið. Við búum við fulltrúalýðræði en það þýðir ekki að ómögulegt sé að koma á beinu lýðræði innan þess kerfis.

Það þarf nýtt framboð til þings sem vinnur í beinu lýðræði í öllum málum. Það er að segja; kjósendur framboðsins ráða hvernig þingmenn listans greiða atkvæði í einstökum málum. Hugmyndafræðin byggir á að fólki sé treystandi til að taka ákvarðanir, sem að mínu viti er margsannað mál.

Þingmenn framboðsins hafa það hlutverk að skilja og skýra málin fyrir kjósendum á vel hönnuðu vefsvæði. Þar settu þingmenn fram kosti og galla og sína afstöðu til málanna. Hvers vegna með og hvers vegna á móti. Allir geta komið fram skoðun sinni á málum á lýðræðisvefnum og skoðað málin á einfaldan og skipulegan hátt. (hönnun vefsins þarf að vera mikil snilld.) Síðan kjósa stuðningsmenn/kjósendur framboðsins rafrænt um vefinn á sama hátt og hnapparnir á borðum þingamnna, Já , nei, sit hjá og geta einnig gert grein fyrir atkvæði sínu.

Niðurstöðurnar eru bindandi fyrir þingmenn framboðsins og þeim er skylt að greiða atkvæði á þingi í samræmi við niðurstöðuna. Tökum dæmi þar sem framboðið hefur 5 þingmenn. Ef 60% kjósenda framboðsins er með ákveðnu máli 20% á móti og 20% vilja sitja hjá greiða 3 þingmenn (60% þingmanna) atkvæði með, 1 á móti (20% á) og einn situr hjá (20%. ) Réttur minnihlutans til að hafa áhrif er mikilvægur þáttur í lýðræði.

Vel mætti hugsa sér að það þyrfti ákveðna þátttöku í einstökum atkvæðagreiðslum meðal kjósenda t.d. 30% til að niðurstaðan verði bindandi. Ef þátttaka væri minni sætu þingmenn hjá eða greiddu atkvæði í samræmi við sínar skoðanir.

Prófkjör færu að sjálfsögðu fram um netið. Fólk sem hefði áhuga setti inn upplýsingar um sig inná staðlað netform sem væntanlegir kjósendur skoða og velja síðan frambjóðendur með músarsmelli.

Fáránlegt, já, nýstárlegt, já, byltingarkennt, já, gagnlegt, já, framkvæmanlegt, já.

Hver framkvæmir? Til dæmis er Hugmyndaráðuneytið kraftmikill vettvangur nýrra lausna í samfélaginu. Þar er þekking og vilji til að reyna nýjar leiðir.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Bylting pólitísku viðrinanna

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Í útlöndum snúast svona flokkar sem koma brunandi af jaðrinum og hirða allt lausa- og óánægjufylgið oftast um hatur á innflytjendum en óánægjuflokkurinn hér er fullur af hlátri. Það er þó eitthvað. Það er eitthvað við Besta flokkinn sem erfitt er að koma orðum að, eitthvað „je ne sais quoi“.

### Sjónvarpseðli framboðsins

Í fyrstu virkaði þetta framboð á mann eins og sjónvarpsþáttur. Þetta var eins og leikinn (ó)raunveruleiki fullur af póstmódernískri kaldhæðni og innlifun áhorfendanna sterk: ef ég kýs Jón Gnarr þá verð ég fyndinn eins og Jón Gnarr. Hefðbundnir stjórnmálaflokkar starfa þannig að þeir lofa kjósendum einhverju fyrir kosningar og svo koma þeir aftur eftir fjögur ár til að endurnýja umboð sitt til valda og segja: við lofuðum þessu og þessu og við höfum staðið við þetta og þetta – eða: við gátum ekki staðið við þessi og þessi loforð út af þessu og þessu. Við erum svona og svona og ef þið kjósið okkur fáið þið þetta og þetta. Þannig virkar lýðræðið. Gert er út á hið fyrirsjáanlega, það sem við þekkjum, því að það er álitið traust, og það er álitið mikilvægt í lýðræðisríkjum að kjósendur viti hverjum þeir ætla að fela valdið.

Í fljótu bragði sýndist þessu öfugt farið með Jón Gnarr og Besta flokkinn: stuðningur kjósenda virtist vakinn af forvitni um það hvað gerðist ef hann yrði kosinn. Frambjóðandinn virkaði eins og leikari „í karakter“. Framboðið varð eins og framhaldsmyndaflokkur og okkur lofað æsilegum næsta þætti með nýjum og óvæntum vindingum ef við styddum það. Og hvað nú?

Óneitanlega er eitthvað brjálæðislegt við að kjósa til valda flokk sem lofar alls konar vitleysu og gefa honum þannig sjálfdæmi um efndirnar og stefnu sína. Það segir sína sögu um algjört hrun stjórnmálakerfisins.

Jón Gnarr sagði á kosninganóttina að enginn þyrfti að vera „hræddur við Besta flokkinn, þá héti hann vondi flokkurinn, eða versti flokkurinn“. Hannn sagðist líka halda að fólk væri hrætt við hið óþekkta en það væri óþarfi: „hið óþekkta er gott.“

### Hið þekkta er vont

Þetta hljómar allt svolítið ískyggilega. En þegar maður skoðar heimasíðu Besta flokksins sér maður að þetta er bylting pólitísku viðrinanna. Maður sér líka að þetta er þrátt fyrir allt meiri meginstraumsflokkur en virtist í fyrstu; það er samhljómur með málflutningi hans og lífsviðhorfum fólks almennt – meiri en til dæmis hjá Sjálfstæðisflokknum sem leiddi þjóðina út í fen ofsafrjálshyggju og græðgi. Besti flokkurinn segist aðhyllast norræna velferðarríkið – segir að vísu í framhaldinu að hann sé bara að þykjast vera með stefnu – sem kannski er djókur – og kannski ekki – en aðallega sýnist manni þetta raunverulega uppbyggilegt afl þegar maður les pistla frambjóðendanna sem virka líklegir til að þjóna borgarbúum af meiri alvöru en ýmsir aðrir frambjóðendur. Þetta er ekki bara Jokerinn og hirð hans. Hér er eitthvað annað í gangi ... Kannski fyrst og fremst það að þótt kjósendur þekki ekki það sem þeir vilja þá vilja þeir ekki það sem þeir þekkja.

Í fjórflokkakerfinu eru fimm flokkar. Það gerist alltaf af og til í íslensku stjórnmálakerfi að fram kemur flokkur sem er á móti „fjórflokknum“, fylkir öllum þeim óánægðu um „eitthvað nýtt“: Kvennaframboðið, Bandalag Jafnaðarmanna, Þjóðvaki, Samtök Frjálslyndra og Vinstri manna ...

En þetta er samt alveg nýtt. Aldrei hafa hin pólitísku viðrini myndað slíkt afl. Aldrei hefur sjálfu pólitíska kerfinu verið greitt slíkt högg. Skýringarnar eru einkum tvær: skýrsla rannsóknarnefndarinnar sem flokkarnir brugðust seint og illa við – og virðast naumast farnir að lesa – og Icesave, sem varð til þess að fjórflokkurinn dó úr leiðindum einhvern tímann í fyrra. VG fer verst út úr því máli.

Eitt í viðbót sem ekki má vanmeta: tungumálið. Nýjung Besta flokksins felst ekki síst í talsmátanum – notkun tungumálsins. Með afbökunum á kosningaloforðum hefbundinu flokkanna – sem þeir hafa staðið algerlega ráðþrota gagnvart – náði Besti flokkurinn að afhjúpa trénaðar stofnanir, og venjulegt orðfæri og oft alveg ókórrétt sýndi lifandi hugsun sem þjóðin þráir.

En næsti þáttur verður spennandi ...

# Líffræðileg fjölbreytni

Umhverfismál
Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra


Ár hvert er 22. maí tileinkaður vernd lífríkisins af Sameinuðu þjóðunum en í ár er sérstök ástæða til þess að minnast þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað árið 2010 verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Undanfari þess er að á fundi þjóðarleiðtoga í Jóhannesarborg árið 2002 samþykktu leiðtogar þjóða heimsins að árið 2010 yrði búið að stöðva, eða draga verulega úr, eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni á þurrlendum heimsins og í heimshöfunum.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni tók gildi hér á landi í desember 1994. Í stuttu máli felur hann í sér skuldbindingar um að við verndum lífríkið og tryggjum sjálfbæra nýtingu þess. Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess hafa unnið að framkvæmd samningsins m.a. við stefnumótun, rannsóknir, náttúruvernd, friðlýsingu svæða, landnýtingu og skipulagsmál. Til að mynda er við undirbúning náttúruverndaráætlana lögð áhersla á friðun tegunda s.s. fugla, plantna og hryggleysingja sem eru í hættu auk friðlýsingu búsvæða viðkomandi tegunda. Ein af höfuðástæðum þess að tegundir eru í hættu er röskun á landi og eyðing búsvæða tegunda af völdum framkvæmda s.s. byggða, vegaframkvæmda, ræktunar og ósjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda. Innflutningur, dreifing og ræktun ágengra framandi lífvera er jafnframt talin eiga stóran þátt í útrýmingu tegunda og breytingum á líffræðilegri fjölbreytni.

Þau eru mörg verkefnin sem við stöndum frammi fyrir til að vernda líffræðilega fjölbreytni. Sem dæmi má nefna að um nokkurt skeið hefur ágengum tegundum verið dreift hér á landi til ræktunar eða þær borist í gróðurlendi s.s. lúpína, skógarkerfill, minkur og kanínur. Nýverið var kynnt áætlun um aðgerðir gegn útbreiðslu lúpínu og skógarkerfils á ákveðnum stöðum á landinu til þess að verjast tjóni á líffræðilegri fjölbreytni. Baráttan við minkinn hefur staðið yfir í 80 ár og kostar árlega tugi milljóna. Undanfarin 3 ár hefur umhverfisráðuneytið staðið fyrir átaki á Snæfellsnesi og í Eyjafirði í samvinnu við sveitarfélögin á þessum svæðum til þess að kanna möguleikann á útrýmingu minks á þessum svæðum og hefur árangur verið góður.

Í tilefni af ári líffræðilegrar fjölbreytni mun umhverfisráðuneytið í samvinnu við ýmsar stofnanir, skóla og áhugamannasamtök standa fyrir ráðstefnum og viðburðum til þess að vekja athygli á málefninu. Nýverið stóð umhverfisráðuneytið ásamt Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri að ráðstefnu um votlendi m.a. til þess að benda á samspil samningsins við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Ramsar samningsins um verndun votlendis.

Baráttan fyrir líffræðilegri fjölbreytni er barátta fyrir vexti og viðgangi dýra- og plöntutegunda og búsvæða þeirra. Verkefnið er samfélagslegs eðlis líkt og nánast öll þau verkefni sem snúa að náttúru- og umhverfisvernd og felur fyrst og fremst í sér ábyrga og auðmjúka umgengni mannsins við náttúruna.



**BENEDIKT ERLINGSSON ER 41 ÁRS Í DAG.**

*„Það má líka segja sem svo að þegar hesturinn eignast mann til að hugsa um sig þá missa báðir hluta af frelsi sínu. Eins er það með landið. Þú eignast kannski land en landið eignast þig líka og þú verður skuldbundinn því til æviloka."*

***Benedikt Erlingsson er leikari og leikstjóri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 31. MAÍ 1988**

## Götur á Keldnaholti nefndar

Á þessum degi árið 1988 samþykkti borgarráð Reykjavíkur tillögur byggingarnefndar að götunöfnum í nýju hverfi á Keldnaholti, vestan þess og norðan. Nýja hverfið átti þá samkvæmt skipulagi að standa austan við þá byggð sem var komin í Grafarvogi og samkvæmt teikningum var ætlunin að hún myndi teygja sig austur að Rannsóknastofnun landbúnaðarins í Keldnaholti og norður að Gufuneskirkjugarði.



Tillaga byggingarnefndar var samin af Þórhalli Vilmundarsyni prófessor og segir þar meðal annars að „þar sem skipulag í stærstum hluta hverfisins, á Keldnaholti, minni á völundarhús, sé lagt til að safngata, sem liggur í boga gegnum hverfið og engin hús standa við, heiti Völundarhús."

Af þeim götuheitum sem borgarráð samþykkti fyrir hverfið má nefna Miðhús, Brekkuhús, Baughús, Sveighús, Suðurhús, Hlíðarhús, Veghús og Vesturhús.

Gegnum nýja hverfið var einnig gert ráð fyrir safngötu sem stytta átti leiðina um hverfið og sú gata fékk nafnið Gagnvegur en í greinargerð byggingarnefndar var vitnað til Hávamála; „til góðs vinar liggja gagnvegir." Þá voru tveir tengivegir, milli Gagnvegs og Vetrarbrautar annars vegar og Völundarhússins og Miðhúsa hins vegar, nefndir Þvervegur og Meðalvegur.

**MERKISATBURÐIR**

**1735** Stærri Lóndrangurinn á Snæfellsnesi er klifinn, í fyrsta sinn svo vitað sé. Næst er drangurinn klifinn árið 1938.

**1962** Nasistaforinginn Adolf Eichmann er hengdur í Ísrael fyrir þátt sinn í Helförinni.

**1990** Nunnurnar í Karmelítaklaustrinu í Hafnarfirði opna klaustrið fyrir forseta og biskupi Íslands í tilefni af 50 ára afmæli klaustursins.

**1991** Alþingi kemur saman í fyrsta sinn í einni deild eftir að deildaskiptin er afnumin.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Elísa Ólafsdóttir**

fyrrverandi varaformaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 1. júní kl. 14.00.

**Ómar Már Magnússon**
**Jóhannes Rúnar Magnússon** **Andrea Guðmundsdóttir**
**Ólafur Sævar Magnússon** **Sólbjörg Hilmarsdóttir**
**Viðar Magnússon** **Emelía Bára Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnheiður Helga Guðmundsdóttir**

Vallholti 16 Selfossi (áður Sólbergi Stokkseyri)

sem lést mánudaginn 24 maí. Útförin fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva Hraunbæ 113 Reykjavík miðvikudaginn 2. júní kl. 13.00. Jarðsett verður í Stokkseyrarkirkjugarði.

**Anna Jósefsdóttir** **Ingibergur Magnússon**
**Guðmundur Jósefsson** **Arndís Lárusdóttir**
**Sigmundur Sigurjónsson**
**Ólafur Jósefsson** **Rósa Kristín Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir mín og tengdamóðir, amma okkar og langamma,*

**Jóhanna Sæmundsdóttir**

fyrrv. handavinnukennari og húsmóðir á Ísafirði,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum mánudaginn 17. þ.m., verður jarðsungin frá Neskirkju þriðjudaginn 1. júní n.k. kl.15.00.

**Sighvatur og Björk,**
**Elín og Sigþór,**
**Björgvin og Dóra Valdís,**
**Rúnar og Alma,**
**Bryndís og Nicolas,**
**og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**PASSAMYNDIR Á HLEMMTORGI:** FAGNA ÞRJÁTÍU ÁRA AFMÆLI Í SUMAR

# Litróf og landsliðið á Hlemmi

„Við byrjuðum í hálfgerðum skáp; aðeins fjögurra fermetra rými á nýopnuðum Hlemmi árið 1980 fyrir áeggjan Eiríks Ásgeirssonar þáverandi forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur, sem sóttist eftir fjölbreyttri starfsemi í húsið, og höfum verið hér allar götur síðan," segir Kristján Pétur Guðnason ljósmyndari og forstjóri Skyggnu og Passamynda á Hlemmi sem nú hefur staðið vaktina þar í þrjátíu ár.

„Hér vorum við einkar vel staðsett því lengst af voru öll vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini gefin út á lögreglustöðinni beint á móti. Fólk skokkaði þá yfir þegar vantaði myndir og oft voru biðraðir út á götu þegar best var. Annríkið var mikið og allt tekið á Polaroid-vél en nú eru allar myndir teknar og geymdar á stafrænu formi," segir Kristján sem man tímana tvenna á Hlemmtorgi.

„Ég hef alltaf grátið þá tíma þegar hér var nýlenduvöruverslun með ávexti, grænmeti og annað, blaða- og bókaverslun, bakarí, snyrtivöruverslun, lyklasmiður og fleira, því það skapaði lifandi og alþjóðlega markaðsstemningu á svæðinu. Nú erum við sjoppan ein eftir í einkaeigu og Passamyndir orðnar elstar í hettunni á Hlemmi," segir Kristján og heldur áfram:

„Þá eins og nú voru hér fastagestir sem eru góðkunningjar lögreglunnar, en þeir voru fljótir að finna hér griðastað í upphituðu skýli með snyrtingu og fjölda fólks sem hægt var að biðja um lán. Því varð Hlemmur strax eftirsóttur staður af þessu fólki, sem er alls ekki versta fólkið, og gefur staðnum bara meira litskrúð. Oft er svo talað um vesen og slagsmál á Hlemmi en það eru ýkjur og hefur aldrei á okkar þrjátíu árum verið brotist inn til okkar eða brotin rúða, né neitt af okkar starfsfólki orðið fyrir aðkasti," segir Kristján og bætir við að Hlemmur nútímans sé fyrst og fremst biðstöð fyrir þá sem nota strætó og traffíkin hafi aukist eftir að bensínverð hækkaði.

„En margir halda enn að hér fái þeir hnífinn í bakið og slagsmál séu í hverju horni, en slíkt er sjaldgæft og tekið á því strax ef eitthvað er í aðsigi. Fólk verður því ekki fyrir aðkasti á Hlemmi




**SAKNAR HLEMMS FYRRI TÍMA** Kristján Pétur Guðnason ljósmyndari er eigandi Skyggnu og Passamynda sem einnig reka alla skyndimyndasjálfsala. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þótt landsliðið komi iðulega yfir götuna þegar hleypt er út úr Hverfissteini á morgnana. Hér hefur alltaf verið ágætis varsla og löggan fljót til að skakka leikinn frekar en að fara út í slagsmál, en að því hef ég alltaf dáðst því Hlemmur er auðvitað í garði lögreglustöðvarinnar," segir Kristján og brosir. Hann segir gæfu Passamynda hafa verið starfsfólkið, sem sé það dýrmætasta í eigu hvers fyrirtækis.

„Við höfum verið ótrúlega heppin með starfsliðið í gegnum tíðina og hér stóðu vaktina í tuttugu ár þær Nanna og Sísí sem svo hættu fyrir aldurs sakir. Á tímamótunum stendur líka upp úr sú skelfing sem greip mig þegar passamyndataka fór yfir í hendur lögreglunnar en þá lögðu margir ljósmyndarar upp laupana. Það er öfugsnúið að ríkið og dómsmálaráðuneytið hafi haft forgöngu um að brjóta á fagmenntun ljósmyndara því við töpuðum máli okkar í Hæstarétti eftir að hafa unnið það í undirrétti, en aðeins tvö önnur lönd í heiminum hafa þennan háttinn á. "

Í tilefni þrítugsafmælisins hefst vikutilboð í Passamyndum á miðvikudag, en þá bjóðast aukamyndir og önnur skemmtilegheit. **thordis@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórhallur Halldórsson**

sem lést á heimili sínu á hvítasunnudag 23. maí, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 3. júní kl. 15.00.

**Erla Durr**
**Helgi Þórhallsson** **Ingibjörg Pálsdóttir**
**Rósa Þórhallsdóttir** **Ólafur Torfason**
**Halldór Þórhallsson** **Stefanía Þóra Flosadóttir**
**Guðmundur Þ. Þórhallsson** **Guðrún Hannesdóttir**
**Magnús H. Guðjónsson** **Ása V. Einarsdóttir**
**Páll R. Guðjónsson** **Sigurlaug Á Sigvaldadóttir**
**Kristinn Guðjónsson** **Marianne E. Klinke**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Reyklaus dagur

Alþjóðlegi tóbakslausi dagurinn er í dag. Í tilefni dagsins verður haldið málþing á vegum Lýðheilsustöðvar á Grand hóteli frá klukkan 8.30 til 10.30 en þema dagsins er konur og reykingar. Dagskrá málþingsins snýst að stórum hluta um áhrif reykinga á heilsu kvenna en þó verður einnig rætt um reykingar almennt.

Á málþinginu munu læknar fjalla um áhrif tóbaksnotkunar á heilsu kvenna, tvær konur segja frá reynslu sinni af reykingum og hvernig þeim tókst að hætta en reykingar eru hlutfallslega stærri áhættuþáttur hjá konum en körlum.

Capacent Gallup hefur safnað upplýsingum um reykingavenjur Íslendinga undanfarin ár. Frá því að mælingar hófust hafa aldrei fleiri Íslendingar verið uppi á sama tíma sem hafa verið reyklausir allt sitt líf. Þessi þróun á jafnt við um karla sem konur og árið 2009 höfðu 48,6 prósent Íslendinga aldrei reykt. **-mmf**



**HÆTTULEGAR** Kona sem hættir að reykja dregur úr hættunni á að fæða andvana barn.

# Rafræn miðlun reikninga




## Hagkvæm og umhverfisvæn lausn fyrir Microsoft Dynamics NAV notendur

**www.maritech.is**

Maritech býður lausn sem gefur kost á að senda og taka á móti reikningum á rafrænu formi með Microsoft Dynamics NAV. Með því að lágmarka pappírsnotkun er hægt að ná fram sparnaði og hagræðingu. Með rafrænni miðlun reikninga verður áreiðanleiki og rekjanleiki betri:

- **Betri yfirsýn yfir reikningagerð og móttöku reikninga**
- **Reikningar berast hraðar**
- **Hættan á innsláttarvillum er úr sögunni**
- **Það er einfalt og umhverfisvænt að nota rafræna lausn í stað flutningabíla til að flytja reikninga**

Fjöldi fyrirtækja og stofnana nýta sér rafræna miðlun reikninga og bætast stöðugt fleiri í hópinn.

**Kynntu þér málið hjá söludeild Maritech: sala@maritech.is · sími 545 3200**

**maritech**
– tryggir þér samkeppnisforskot

Maritech | Borgartúni 26 | 105 Reykjavík | Sími 545 3200

# Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.







Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.


# Vegurinn heim

**BAKÞANKAR** Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Faðir minn er hálfþýskur. Hann heitir Helmuth og veit fátt betra en Suður-Þýskaland og þá sérstaklega Bæjaraland, Bayern. Kærleikurinn milli hans og Bayern hefur varað lengi. Ég var ekki há í loftinu þegar ég vissi allt um Lúðvík II Bæjarakonung, þekkti skjaldarmerki Munchen og fékk ís í verðlaun fyrir að vera að klára weisswurst og sauerkraut af disknum mínum.



**ÞANNIG** var sumarleyfi fjölskyldunnar eytt í Þýskalandi og ég hef reglulega verið uppfærð í nýjan „dirndl“ – hinn bæverska þjóðbúning – eftir því sem ég eldist og stækka og pabbi skartar lederhosen í íslenskum barnaafmælum við mikla athygli yfirleitt. Ég á líka þýskar þjóðbúningadúkkur í ýmsum útgáfum þýskra þjóðbúninga, safn tréleikfanga (tréiðnaður er einn aðalatvinnuvegurinn) óteljandi bækur og bæklinga um þýska kastala, stöðuvötn, alpafjöll, saltnámur (annar sterkur atvinnuvegur fyrr á öldum) og bæverskt kóngafólk, sumarhallir þess og sögu. Ég hef átta sinnum farið í Neuschwanstein-kastala og er nokkuð viss að ég hafi að minnsta kosti einu sinni farið út á flest vötn Bæjaralands, þó ekki væri nema á hjólabát.

**EINS** og títt er um börn sem upplifa það að einhverju er haldið að þeim í uppeldinu – verður uppreisn gegn fyrirbærinu á ákveðnu aldursskeiði. Drengirnir í leðurbuxunum, sem höfðu í sakleysi sínu tuggið strá og legið við árbakkann, fóru allt í einu að fara í taugarnar á mér með sína snitzelbreiðu fingur. Ég velti því fyrir mér hversu oft nokkur maður gæti farið út á Königssee. Ég reyndi að gráðbiðja pabba um að mæta ekki í Lederhosen á Grillið þegar ég útskrifaðist. Þegar hann fékk fjölvarpið fyrir nokkrum árum, til þess eins að ná þýsku og austurrísku stöðvunum, hringdi hann reglulega til að athuga hvort ég væri ekki örugglega með stillt á stöð 80 og 81 – þýska skemmtiþætti og austurríska útitónleika. Hálftíma síðar hringdi hann og hlýddi mér yfir hvað Helmut Schmidt hefði sagt síðasta hálftímann.

**SÍÐUSTU** árin hefur hugur minn opnast að nýju. Ég stilli stundum óumbeðin á þýskar sjónvarpsstöðvar, eftirlætisliðið mitt í fótbolta er Bayern Munchen og á stórhátíðum klæði ég son minn í Von Trapp ullarpeysu. Ég fékk staðfestingu á því hvað er að henda mig á laugardagskvöldið þegar ég hringdi að minnsta kosti þrívegis til að kjósa þýska lagið í Eurovision. Gleðin var ósvikin þegar Þýskaland fór að smala stigum og ég óska því karli föður mínum til hamingju með tvöfaldan sigur - Eurovision og uppeldi sem loks skilaði árangri.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**Panasonic TXP42C2**

42" HD Ready 16:9 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768p upplausn, Vreal 4 Engine tækni, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 (Dynamisk) skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesari (JPEG/AVCHD), textavarp með 500 síðna minni, 20w Nicam Stereó V-Audio hljóðkerfi, Scart (með RGB), 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990




**Panasonic TXP42G20**

42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 289.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXP46S20**

46" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro4 Engine tækni, High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, 2.000.000:1 (Native) skerpu, 24p Playback Plus/Playback 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour, 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG/MPEG2/AVCHD), 2x Scart (með RGB), 3 HDMI ofl.

**TILBOÐ 269.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| CENTURION | 6, 8 og 10.30 | 16 |
| BROOKLYN´S FINEST | 8 | 16 |
| HUGO 3 | 4 | L |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D - 8D - 8:30 - 10:30D | 10 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10:30 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 8 | 14 |
| KICK ASS | kl. 10:50 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D - 8D - 9:50-10:30D | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| STUTTMYNDADAGAR Í KRINGLUNNI 2010 | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| LAST SONG | kl. 8 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| BACK UP PLAN | kl. 8 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CENTURION | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD LÚXUS | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 8 | L |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 | 16 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BROOKLYN´S FINEST | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| OCEANS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |


# Klaxons snýr aftur

Hljómsveitin Klaxons lauk nýlega við aðra plötu sína og er nú farin í tónleikaferð um Bretlandseyjar. Nýja platan hefur hlotið nafnið Touching The Void en hún fylgir hinni frábæru Myths of the Near Future sem kom út árið 2007 og vann Mercury-verðlaunin eftirsóttu.

Hljómsveitin skellti nýlega laginu Flashover á netið, en það var eitt af 14 lögum sem hljómsveitin lék á tónleikum í vikunni - þeim fyrstu í langan tíma. Söngvarinn og hljómborðsleikarinn James Righton var ánægður með tónleikana og sagði í viðtali við NME að þeir væru nýtt upphaf. „Við erum klárlega að hefja nýjan kafla," sagði hann.

Óvíst er hvenær nýja platan kemur út, en talið er að það verði á næstunni þar sem hljómsveitin er búin að bóka tónleikaferð í sumar.



**KOMNIR AFTUR** Klaxons sendir frá sér nýja plötu á næstunni.




**SKEMMTILEGUR HÖNNUÐUR** Borghildur Gunnarsdóttir hannar undir nafninu Milla Snorrason. Hönnun hennar hefur vakið mikla athygli tískuspekúlanta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÖMMULEGAR TÍSKUFLÍKUR

**Borghildur Gunnarsdóttir hannar flíkur og fylgihluti undir heitinu Milla Snorrason, flíkurnar minna eilítið á litríkan ömmuklæðnað en þó í nýjum og hátískulegri búningi.**

Borghildur Gunnarsdóttir útskrifaðist úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands í fyrravor og var það útskriftarlína hennar sem vakti sérstaka athygli tískuáhugamanna. „Ég skoðaði mikið gömul sniðablöð frá fimmta áratugnum þegar ég var að hanna útskriftarlínuna og þess vegna virka flíkurnar svolítið ömmulegar. Reyndar hef ég voða gaman af þessum ömmustíl sjálf og fannst allt í lagi að hann fengi að skína í gegn," útskýrir Borghildur. Samhliða útskriftarverkefninu sótti hún námskeið í gerð fylgihluta og ákvað að tvinna því inn í línuna meðal annars í formi hnappa og axlapúða.

Borghildur er einn þeirra unghönnuða sem tekið hafa þátt í PopUp markaðnum sem skotið hefur upp kollinum víða undanfarið ár. Þar hefur hún selt viðarhálsmen sem eru í laginu eins og sjóngleraugu og fallega háa sokka. Aðspurð segist hún ekki hafa fjármagn til að framleiða útskriftarlínuna skemmtilegu að svo stöddu en stefnir á að hanna nýja línu bráðlega sem ódýrari væri að framleiða. „Ég er í fullri vinnu á daginn og þá getur verið erfitt að finna tíma til þess að setjast niður og hanna heila fatalínu, en ég er alltaf að hanna eitthvað í hausnum á mér," segir hún og hlær. Spurð út í nafnið Milla Snorrason segir hún móðursystur afa síns hafa heitið þessu nafni. „Mér þótti mjög vænt um hana enda var hún mikill töffari. Hún var með fjólublátt hár og fannst ómögulegt að vera ekki með ættarnafn og tók þess vegna upp eftirnafn eiginmanns síns. Þegar ég var að velja nafn á línuna mína vildi ég nafn sem hefði einhverja merkingu fyrir mig og þess vegna varð þetta nafn fyrir valinu." segir hún að lokum. Hönnun Borghildar má skoða á Facebook síðu Millu Snorrason og þar er einnig hægt að sérpanta háa sokka frá henni.



**MILLA SNORRASON** Hér má sjá kápu úr útskriftarlínu Borghildar. Sokkana er hægt að sérpanta hjá henni í gegnum Facebook.

sara@frettabladid.is

# Goðsögnin Hopper er látinn

Stórleikarinn Dennis Hopper lést á heimili sínu í Kaliforníu á laugardag, 74 ára að aldri. Banamein hans var krabbamein í blöðruhálskirtli. Hopper var umkringdur fjölskyldu og vinum á dánarbeðinum. Hann hafði barist við meinið síðan í september í fyrra og hafði það náð að breiðast um líkama hans.

Ferill Dennis Hopper spannaði fimm áratugi. Hann hófst á sjötta áratugnum með hlutverki í Rebel Without a Cause á móti James Dean. Á sjöunda og áttunda áratugnum blómstraði Hopper í listrænum kvikmyndum og hann varð fljótt stórt nafn þegar tímabil stórmyndanna í Hollywood gekk í garð. Þá var ekki óalgengt að honum væri falið hlutverk vonda kallsins. Alls lék Hopper í yfir hundrað myndum á ferlinum. Þær þekktustu eru án efa Easy Rider frá 1969 sem hann leikstýrði einnig, Apocalypse Now og Blue Velvet.

Hopper hafði það orð á sér í Hollywood að ómögulegt væri að vinna með honum. Svipað virðist hafa verið uppi á teningnum í einkalífinu því hann kvæntist fimm sinnum og eignaðist fjögur börn. Annað hjónaband hans, með söngkonunni Michelle Phillips úr The Mamas and the Papas, entist bara í átta daga árið 1970. Um það sagði Hopper eitt sinn: „Sjö af þessum dögum voru fínir, sá áttundi var slæmur." Hjónaerjur fylgdu Hopper fram á síðasta dag því hann stóð í skilnaði við eiginkonuna Victoriu Duffy. Hann var svo ákveðinn í að klára skilnaðinn að hann hafði meðal annars beðið um nálgunarbann á eiginkonuna á dánarbeði sínum.

Miklar sögur fóru af drykkju Hoppers og eiturlyfjaneyslu. Hann játaði eitt sinn að hafa notað kókaín til að draga úr áhrifum áfengis, til þess eins að hann gæti í kjölfarið drukkið meira. Árið 1984 var Hopper lagður inn á geðdeild eftir að hafa fengið alvarlegar ofskynjanir eftir neyslu sína.



**MEISTARI KVEÐUR** Dennis Hopper lést á laugardag, 74 ára að aldri. NORDICPHOTOS/AFP




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## 11 DAGAR Í HM

Aðeins tveir leikmenn hafa náð að skora í fjórum heimsmeistarakeppnum, Brasilíumaðurinn Pele (1958, 1962, 1966 og 1970) og Þjóðverjinn Uwe Seeler (1958, 1962, 1966, 1970). Uwe Seeler skoraði 9 mörk í 21 leikjum á HM (átti leikjametið til 1998) og var bæði á undan Pele að skora í sinni fjórðu HM auk þess að vera sá eini sem hefur skorað að minnsta kosti 2 mörk í fjórum heimsmeistarakeppnum. Pele skoraði alls 12 mörk í 14 leikjum en hann skoraði „aðeins“ eitt mark á HM 1962 og HM 1966 .



# sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: SEGIR UNGU STRÁKANA HAFA SÝNT SÉR FÍNA TAKTA GEGN ANDORRA

## *Hefði átt að leyfa þeim að spila aðeins frjálsar*

„Við vorum miklu betri en þeir og 4-0 eru fín úrslit,“ sagði Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, eftir sigurinn örugga á Andorra í vináttulandsleik á Laugardalsvelli um helgina.

„Leikurinn var vissulega ekki sá fallegasti og það tekur okkur tíma að brjóta svona lið niður. Okkur gekk illa í fyrri hálfleik að komast í gegnum þá, við vorum svolítið staðir og lítil hreyfing á liðinu. Boltinn gekk hægt og illa. Svo lagaðist það í seinni hálfleik og hann var betri þó hann hafi ekki verið neitt sérstakur.“

Ólafur tekur það á sig hve illa gekk í fyrri hálfleiknum. „Ég hefði átt að leyfa mínum mönnum að spila aðeins frjálsar í fyrri hálfleik. Menn voru niðurnjörvaðir í einhverju kerfi og hafa kannski ekki þorað að breyta út af því vegna þess að ég sagði þeim að gera það svoleiðis. Ég sagði í hálfleiknum að menn mættu nú alveg hlaupa aðeins út úr stöðunum sínum og gera eitthvað sem þeir eru ekki vanari að gera. Menn fóru þá að hreyfa sig betur og fleiri möguleikar opnuðust,“ sagði landsliðsþjálfarinn og hélt áfram:

„Ég er ánægður með að við náðum að halda þolinmæðinni og klára leikinn. Við fórum ekki út í eitthvað kæruleysi og stæla,“ sagði Ólafur.

Andorra spilaði virkilega leiðinlegan leikstíl og tafði þótt liðið væri undir í leiknum. „Stundum förum við inn í leiki þegar við spilum gegn sterkum þjóðum og spilum ekki ósvipað. Við viljum þá drepa leikinn niður og andstæðinginn þarf að sýna þolinmæði.“

Ungir leikmenn fengu að sýna sig í leiknum, þar á meðal Kolbeinn og Gylfi Þór Sigurðsson sem var að leika sinn fyrsta A-landsleik. „Mér fannst ungu strákarnir sýna mér fína takta. Þetta eru strákar sem eru í fínu lagi,“ sagði Ólafur.




Vignir og Logi meistarar:

## Unnum þetta í fyrri leiknum

**HANDBOLTI** Vignir Svavarsson og Logi Geirsson fögnuðu vel með Lemgo á laugardagskvöldið eftir að liðið varð Evrópumeistari bikarhafa. Lemgo lagði Björgvin Pál Gústavsson og félaga hans í Kadetten, samtals 52-48 þrátt fyrir tveggja marka tap í leiknum, 30-28.

„Við unnum þetta heima í fyrri leiknum,“ sagði glaðbeittur Vignir við Fréttablaðið í miðjum fagnaðarlátunum. „Þetta var alveg frábært. Við spiluðum illa í fyrri hálfleik en ákváðum í hálfleik að spýta í lófana,“ sagði Vignir en Lemgo var fjórum mörkum undir í hálfleik en vann fyrri leikinn 24-18.

„Við vorum nokkuð sannfærandi í seinni hálfleiknum. Það munaði um að Mimi Kraus fór að hitta eitthvað annað en bara í Björgga, sem var reyndar besti maður þeirra í leiknum. Hann hefur nú samt oft staðið sig betur kallinn,“ sagði Vignir en Björgvin varði tólf skot þann tíma sem hann spilaði. **- hþh**




**UNGUR EVRÓPUMEISTARI** Aron Pálmarsson, til vinstri, er Evrópumeistari á sínu fyrsta tímabili með Kiel. Hér fagnar hann sigrinum með Norðmanninum Børge Lund. MYND/GETTYIMAGES

# Stórkostlegur árangur

**Alfreð Gíslason stýrði Kiel til sigurs í Meistaradeild Evrópu í handbolta í gær. „Þetta er bara algjör snilld,“ sagði þjálfarinn í geðshræringu eftir leikinn. Aron Pálmarsson varð Evrópumeistari á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason bætti enn einum glæsiárangrinum á ferilskrá sína þegar hann stýrði Kiel til sigurs í Meistaradeild Evrópu í gær. Kiel vann Barcelona 36-34 í frábærum úrslitaleik í Köln.

„Þetta er bara algjör snilld, þetta er stórkostlegur árangur“ sagði vígreifur Alfreð Gíslason við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Ég hef ekki hugmynd um hvernig við fögnum þessu, en við ætlum svo sannarlega að fagna þessu verulega vel í kvöld. Það er ekki hægt að taka það af strákunum,“ sagði Alfreð.

Aron Pálmarsson spilaði með Kiel í leiknum, þó ekki ýkja mikið og hann náði ekki að skora. Aron er á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku en hann átti mikinn þátt í titlinum. Auk þess að spila vel í Meistaradeildinni á tímabilinu gulltryggði hann sigur Kiel á Ciudad Real í undanúrslitunum á laugardaginn þegar hann skoraði síðasta markið rétt fyrir leikslok í 29-27 sigri.

Sigurinn var einkar sætur fyrir Alfreð sem tapaði úrslitaleiknum í fyrra fyrir Ólafi Stefánssyni og þáverandi liðsfélögum hans í Ciudad Real.

„Við vorum lengi að ná okkur á strik í leiknum. Við höfum verið að spila miklu erfiðari leiki undanfarið en þeir, höfum átt við meiðsli að stríða og við erum með minni hóp. Við komum okkur eiginlega ekki í gang í fyrri hálfleik og vörnin var slök,“ sagði Alfreð sem breytti svo um taktík í síðari hálfleiknum.

„Ég ákvað að breyta í 5+1 vörn og taka Rutenka úr umferð. Þá náðum við okkur betur á strik í vörninni og við spiluðum alveg rosalega vel,“ sagði Alfreð sem var mjög óánægður með varnarleikinn í fyrri hálfleik þar sem Kiel fékk á sig 20 mörk.

Staðan í hálfleik var 20-17 en eins og tölurnar gefa til kynna var vörn Kiel hriplek og Omeyer ekki upp á sitt besta í markinu. Þegar tíu mínútur voru búnar af seinni hálfleik var Barcelona sex mörkum yfir, 25-19.

„Síðan skipti ég inn mönnum sem hafa ekki beint verið að spila mikið undanfarið og þeir spiluðu allir vel. Thierry Omeyer hjálpaði okkur líka þegar hann fór að verja vel,“ sagði Alfreð.

Kiel minnkaði muninn jafnt og þétt og jafnaði loks metin tíu mínútum fyrir leikslok. Það komst svo yfir og lét forystuna aldrei af hendi, en lokamínúturnar voru æsispennandi. Kiel tryggði sér að lokum tveggja marka sigur, 36-34.

Algjör geðshræring ríkti eftir leikinn og þrátt fyrir að tala við Alfreð nokkuð eftir leikinn var eins og hann væri enn að ná sér niður. „Ég er ekkert búinn að kveikja á þessum árangri ennþá. Ég hef ekki getað hugsað um neitt annað en Barcelona í alltof langan tíma núna,“ sagði Alfreð.

hjalti@frettabladid.is

### Ferilskrá Alfreðs Gíslasonar sem þjálfara

**KA (1991–1997):** Íslandsmeistari 1997, Bikarmeistari 1995 og 1996.
**Hameln (1997–1999):** Enginn titill
**Magdeburg (1999–2006):** Þýskalandsmeistari 2001, Evrópumeistari 2002, EHF-bikarmeistari 2001.
**Gummersbach (2006–2008):** Enginn titill
**Kiel (2008-):** Þýskalandsmeistari 2009, Evrópumeistari 2010, Bikarmeistari 2009.




**SPILAR LÍKA** Ólafur, hér í leik árið 2004, ætlar líka að spila með Grindavík í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

Ólafur tekinn við Grindavík:

## Byrjar að vinna í sjálfstraustinu

**FÓTBOLTI Ólafur Örn Bjarnason er tekinn við úrvalsdeildarliði Grindavíkur. Hann flakkar á milli Íslands og Noregs, þar sem hann spilar með Brann, til að byrja með og Milan Stefán Jankovic mun stýra liðinu með honum.**

**„Það er gott að vera búinn að keyra þetta í gegn,“ sagði Ólafur sem er ánægður með hversu vel Brann tók í að sleppa honum. „Þeir vissu að þeir fengju aldrei pening fyrir mig. Þetta er eitthvað sem ég hef haft áhuga á að gera lengi og þetta er frábært tækifæri,“ sagði Ólafur sem ætlar að byrja á að koma sjálfstrausti í liðið.**

**„Ég hef fylgst með liðinu og talað við menn. Það eru allir sammála um að það búi meira í liðinu en það hefur sýnt,“ sagði Ólafur sem stefnir á að halda liðinu í deildinni í sumar. „Það er eina markmiðið sem við getum sett okkur núna.“** **- hþh**

Keflvíkingar fá ekki undanþágu:

## Hafnað aftur

**FÓTBOLTI** Það er nú orðið endanlega ljóst að Keflvíkingar fá ekki að fá Henrik Bödker lánaðan frá Þrótti, eins og félagið vildi gera. KSÍ neitaði Keflvíkingum um undanþágu, bæði framkvæmdastjórinn sem og Félagaskiptaog samninganefnd þangað sem Suðurnesjamenn áfrýjuðu.

Ómar Jóhannsson er meiddur og verður frá í rúman mánuð. Árni Freyr Ásgeirsson mun verja markið í næstu leikjum en hann er 18 ára gamall. Varamaður hans er nýorðinn 16 ára. Keflvíkingar höfðu talað við Henrik Bödker um að hann kæmi til liðsins og var hann búinn að samþykkja það. **- hþh**



**GÓÐUR** Björgvin spilaði fínt golf um helgina og var öruggur í umspilinu. MYND/STEFÁN GARÐARSSON

Fyrsta stigamót GSÍ í Eyjum:

## Askan hafði mikil áhrif

**GOLF Björgvin Sigurbergsson og Valdís Þóra Jónsdóttir unnu fyrsta stigamót GSÍ sem fór fram í Eyjum um helgina. Björgvin var jafn Kristjáni Þór Einarssyni á 138 höggum en vann umspilið þar sem hann fékk par en Kristján skolla. Rúnar Arnórsson, Arnar Snær Hákonarson, Hlynur Geir Hjartarson og Ólafur B. Loftsson voru í þriðja til sjötta sæti á 140 höggum.**

**„Ég spilaði ágætlega, þetta dugði allavega til sigurs,“ sagði Björgvin við Fréttablaðið, en hann var á tveimur undir pari. „Askan hafði mikil áhrif á alla, flatirnar voru harðari og ef þú hittir boltann ekki gat endað illa hjá þér,“ sagði Björgvin.**

**Valdís Þóra Jónsdóttir vann í kvennaflokki á 150 höggum á hringjunum tveimur. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir var önnur á 151 og Eygló Myrra Óskarsdóttir þriðja á 155.** **-hþh**

Ísland komst á Evrópumótið í desember þrátt fyrir tap gegn Austurríki:

## Íslenska hjartað var til staðar

**HANDBOLTI** Ísland hefur tryggt sér sæti á Evrópumóti kvennalandsliða í handbolta í desember á þessu ári. Mótið fer fram í Noregi og Danmörku en dregið verður í riðla þann 5. júní.

Ísland tapaði með þremur mörkum fyrir Austurríki á laugardagskvöld, 26-23 en komst samt áfram á markatölu. Frakkland vann riðilinn örugglega. Ísland mátti tapa með fjögurra marka mun til að komast áfram. „Þetta var alveg þvílík spenna fram á síðustu mínútu. Þær voru frekar tregar til að skjóta í lokin, ég var ekki alveg að skilja það, en vörnin stóð sig frábærlega þannig að þetta hafðist,“ sagði landsliðsþjálfarinn Júlíus Jónasson.

Hann var eðlilega stoltur af stelpunum sínum. „Þetta eru algjörar hetjur. Þær eiga þvílíkt hrós skilið. Það var mikill hávaði í höllinni og mjög margt á móti okkur, til að mynda fengum við mikið af brottrekstrum, en við héldum haus,“ sagði Júlíus en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland spilar í lokaúrslitum EM.

„Árangurinn er alveg frábær og þetta er eitthvað sem við erum búin að keppa að lengi. Við þjálfararnir settum þetta markmið þegar við tókum við. Það var vissulega háleitt og erfitt og það er gríðarleg vinna á bak við þetta. En þetta hefur gengið mjög vel og það var alltaf ró yfir hópnum. Einbeitingin og viljinn til að ná markmiðinu var til staðar, sem og íslenska hjartað og ákefðin,“ sagði landsliðsþjálfarinn ánægður. **- hþh**

**STOLTUR** Landsliðsþjálfarinn Júlíus Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**BARÁTTA** Birkir Bjarnason í hörku baráttu í leiknum gegn Andorra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland sýndi nauðsynlega þolinmæði gegn Andorra:

# Ísinn brotnaði

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu hefur oft átt í erfiðleikum með að brjóta þéttar varnir á bak aftur. Liðið lenti í einni slíkri, gegn einu allra leiðinlegasta liði sem hefur spilað á Laugardalsvelli, í æfingaleiknum gegn Andorra á laugardaginn.

Lið Andorra gerði í því að tefja leikinn eins og það gat. Leikmenn hentu sér niður, þóttust vera meiddir, spurðu dómarann í hvert einasta skipti hvar ætti að taka innköst, löbbuðu til að ná í boltann, tóku óratíma í öll föst leikatriði og það allt þrátt fyrir að það væri fyrir löngu lent undir. Ótrúlegt að horfa upp á þennan skrípaleik.

Íslenska liðið lét þetta ekki á sig fá. Liðið skoraði fjögur mörk og uppskar vel. Það er ekki hægt að ímynda sér annað en að leiðinlegt sé að spila við svona lið. Það krefst þolinmæði að láta það ekki pirra sig, og það gerði Ísland vel í leiknum.

Framan af leik var Ísland ekki að spila vel. Andorra bakkaði alveg að eigin marki og lét Ísland hanga á boltanum allan hálfleikinn. Ísland er ekki vant því og það sást vel. Liðið hélt boltanum mjög illa, sendingar þess voru einkar lélegar. Einfaldar sendingar fóru út af eða beint á mótherja, jafnvel áður en það komst framarlega á völlinn. Langar sendingar virkuðu heldur ekki að neinu leyti.

Heiðar Helguson skoraði tvö mörk, Veigar Páll eitt og Kolbeinn annað. Gunnleifur hafði ekkert að gera í markinu en bakverðirnir hefðu getað hjálpað meira til í sókninni. Jón Guðni og Sölvi voru góðir í miðvarðarstöðunni, sérstaklega Sölvi. Gylfi stóð sig ágætlega á miðjunni, betur en Birkir og mun betur en Ólafur Ingi. Rúrik og Jóhann Berg sýndu ekki mikið en á þá var tvöfaldað allan leikinn og þeir því í erfiðri stöðu. Heiðar var mjög duglegur frammi. - hþh

ÍBV og Breiðablik gerðu jafntefli í Vestmannaeyjum í gær:

# Sanngjörn úrslit í öskunni

**FÓTBOLTI** Askan úr Eyjafjallajökli gerði ekkert nema gott fyrir Hásteinsvöll sem skartaði sínu fegursta, í fyrsta heimaleik ÍBV í sumar, í gær. Liðið tók þá á móti Breiðabliki þar sem liðin skildu jöfn 1-1.

Leikurinn fór rólega af stað en bæði lið þó að spila fallegan fótbolta, boltinn gekk vel á milli manna og áttu bæði lið ágætis kafla í fyrri hálfleik en gáfu fá færi á sér. Tryggvi Guðmundsson átti þó skot í slána en staðan í hálfleik markalaus. Sá seinni var þó mun fjörugri.

Blikar komust yfir eftir að James Hurst skallaði boltann út úr teignum eftir hornspyrnu, Haukur Baldvinsson tók boltann einn og óvaldaður utan teigsins og gerði engin mistök þegar hann smellti boltanum með þrumuskoti niðri í hægra horni.

Eyjamenn ætluðu greinilega að svara strax með marki og voru mjög ofarlega á vellinum. Það opnaði vörn þeirra og Alfreð Finnbogason átti glæsilega sendingu inn fyrir vörn ÍBV á Guðmund Pétursson sem var svo með Hauk við hliðina á sér og voru þeir einir á móti Alberti Sævarssyni. Guðmundur reyndi að skjóta sjálfur en Albert varði frábærlega og Andri Ólafsson hreinsaði svo boltann af línunni. Blikar klaufar að klára ekki leikinn.

Eyjamenn virtust fá byr undir báða vængi eftir þetta og jöfnuðu skömmu fyrir leikslok. Denis Sytnik fékk að leika sér aðeins með boltan fyrir utan teig Blikanna, hann átti skot sem endaði í slánni þaðan sem boltinn datt beint fyrir lappirnar á Tryggva Guðmundssyni sem var þá einn á móti Ingvari Kale. Tryggvi skaut og Ingvar varði en rak hælinn í boltann og hann rann yfir marklínuna. Tryggvi sagði eftir leik að hann hefði átt markið sjálfur.



HEIMIR HALLGRÍMSSON

Bæði lið virtust sátt við jafnteflið og niðurstaðan 1-1. Þjálfararnir voru sammála um að stig hefði verið fín úrslit. „Ég held að ég geti ekki annað en verið sáttur miðað við hvernig leikurinn þróaðist og mér finnst jafntefli vera nokkuð sanngjörn niðurstaða. Við sýndum karakter með því að koma til baka en við lögðum upp með að taka öll þrjú stigin í dag. En við vissum vel að Breiðablik er sennilega með heitasta liðið í dag og það yrði erfitt," sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV.

Kollegi hans Ólafur Kristjánsson tók í svipaðan streng. „Ég er nokkuð sáttur, við áttum fína spretti og mér fannst í raun bæði lið eiga bara ágætis leik. Ég veit samt ekki hvort ég sé eitthvað sáttari en Heimir en við áttum gott tækifæri til að loka leiknum þegar við vorum þarna 0–1 yfir þegar Guðmundur Péturs og Haukur Baldvins sleppa þarna einir í gegn en nýttum það ekki og mér fannst Eyjamennirnir komast í gang aftur eftir það. Það var í raun ekki mikið af færum í leiknum og mikið jafnræði var á milli liðanna," sagði Ólafur. - vsh

**ÍBV 1-1 Breiðablik**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 893 — Kristinn Jakobsson (8)

*1-0 Haukur Baldvinsson (64.)*
*1-1 Ingvar Kale - Sjálfsmark (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–8 (12–5) |
| Varin skot | Albert 4 – Ingvar 10 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–12 |
| Rangstöður | 3–2 |

| ÍBV 4–5–1 | | BREIÐAB. 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Albert Sævarsson | 7 | Ingvar Kale | 5 |
| ***James Hurst** | **7** | Elfar F. Helgason | 6 |
| Eiður Aron Sigurbj. | 6 | Kári Ársælsson | 6 |
| Rasmus Christiansen | 6 | Guðmundur Krist. | 6 |
| Matt Garner | 6 | Arnór Sv. Aðalsteins. | 6 |
| Tony Mawejje | 6 | Haukur Baldvinsson | 7 |
| Finnur Ólafsson | 6 | (86. Finnur Orri M. | -) |
| (73. Ásgeir Aron Á. | -) | Kristinn Jónsson | 6 |
| Andri Ólafsson | 7 | Kristinn Steindórsson | 6 |
| Tryggvi Guðmunds. | 7 | Jökull I. Elísabetarson | 6 |
| Þórarinn I. Valdim. | 6 | Alfreð Finnbogason | 6 |
| (91. Anton Bjarnas. | -) | Guðmundur Kristj. | 5 |
| Denis Sytnik | 6 | (78. Andri Yeoman | -) |
| (88. Gauti Þorvarð. | -) | | |

*Maður leiksins


GARÐUR 100 ára 1908 - 2008

**Gerðaskóli**
Garðbraut 90, 250 Garði
gerdaskoli@gerdaskoli.is, petur@gerdaskoli.is,
www.gerdaskoli.is

**Kennara vantar til starfa skólaárið 2010 2011.**

**Meðal kennslugreina eru:**
- Almenn kennsla á yngsta-og miðstigi.
- Heimilisfræði.
- Textílmennt.
- Tónmennt.

Einnig er laus til umsóknar starf þroskaþjálfa og náms-og starfsráðgjafa (hlutastörf).

Umsóknarfrestur er til **5. júní** nk. Nánari upplýsingar veita skólastjórnendur.

Sími á skrifstofu skólans er 422 7020.

Er bankinn erfiður ?

Aðstoð við nauðasamninga, umsókn um greiðsluaðlögun og ábendingar um önnur úrræði sem gætu komið að gagni.

Ráðgjafaþjónusta Samtaka Lánþega



**615 1522**
adlogun@gandri.com
http://adlogun.gandri.com

greiðsluAÐLÖGUN
hamraborg 10 // IS-200 kópavogur

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Valavatn-Útnesvegur (574)**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **1. júlí 2010.**

**Skipulagsstofnun**

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

**Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík**

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Urðarbrunnur 130-134 og Skyggnisbraut 20-30**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hallar, Hamrahlíðarlönd og suðurhlíðar Úlfarsfells Hverfi 4 vegna lóðanna Urðarbrunnur 130-134 og Skyggnisbraut 20-30. Í breytingunni felst að skipta lóðinni í þrennt, fjölga íbúðum auk þess sem byggingarreitur fyrir bílageymslu er felldur niður að hluta.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Bryggjuhverfi**
Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Bryggjuhverfis. Í breytingunni felst fjölgun íbúða á lóðunum 12 A, B, C, D og 15C.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 31. maí 2010 til og með 12. júlí 2010**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 12. júlí 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 31. maí 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

**> Kiefer Sutherland**

„Húmor heillar mig hvað mest í fari konu. Ef einhver fær þig til að hlæja, þá lofar það góðu."

Kiefer Sutherland fer með hlutverk Jack Bower í þáttunum 24 stundir sem sýndir eru í kvöld á Stöð 2 Extra kl. 23.20.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON HEILLAÐIST ÓVART AF LÆKNADRAMATÍK

# *Dramatíkin er á sjúkrahúsum*

Ég var ekki í hópi aðdáenda Bráðarvaktarinnar á sínum tíma og hef lítið fylgst með gengi sjónvarpsþáttarins Grey's Anatomy hingað til. Ég veit að báðir þættir eiga þó stóran hóp aðdáenda sem fylgjast spenntir með hverjum einasta þætti enda er þar að finna bæði dramatík, ást, sorg og aðrar mannlegar tilfinningar sem allir ættu að geta samsamað sig. Ég datt þó fyrir slysni inn í þátt af Grey's Anatomy á fimmtudaginn var og horfði á hann til enda. Ég hef engan samanburð við fyrri þætti Grey's en þessi var svo sannarlega stútfullur af spennu og dramatík. Úff. Ef einhver á enn eftir að horfa á þennan tiltekna þátt, þá ætti sá hinn sami að hætta að lesa núna þar sem ég ætla að röfla eilítið um söguþráðinn í þættinum hér á eftir. Í þessum



þætti gekk sumsé snaróður byssumaður um sjúkrahúsið og skaut hvern þann skurðlækni sem á vegi hans varð, reyndar skaut hann einnig einn öryggisvörð, en hann lét hjúkrunarkonurnar alveg vera. Byssumaðurinn gekk þarna um og plaffaði niður hvern skurðlækninn á fætur öðrum í hefndarskyni fyrir dauða eiginkonu sinnar stuttu áður. Þátturinn náði svo hámarki þegar byssumaðurinn fann loks yfirlækni sjúkrahússins og hótaði að skjóta hann, allt í augnsýn óléttrar eiginkonu hans sem hafði enn fundið hið fullkomna augnablik til að segja yfirlækninum frá óléttunni. Og þar með endaði þátturinn. Og þrátt fyrir að vita lítið um hvort hinir læknarnir sem urðu fyrir skoti hafi verið lykilpersónur í þáttunum eða ekki þá bíð ég nú spennt eftir næsta fimmtudegi. Hvern hefði grunað að læknadramatík gæti verið svona spennandi?

## MÁNUDAGUR



▶ **18.00** Wall-E STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Melrose Place SKJÁREINN



▶ **20.10** American Idol STÖÐ 2



▶ **21.50** Cold Case STÖÐ 2 EXTRA



▶ **23.00** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Stiklur - Með fulltrúa fornra dyggða** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Leiðin á HM** (14:16) (e)

**18.00 Pálína** (38:56)

**18.05 Herramenn (**25:52)

**18.15 Pósturinn Páll** (24:28)

**18.30 Eyjan** (14:18) (Øen) Leikin dönsk þáttaröð. Hópur 12-13 ára barna, sem öll hafa lent upp á kant við lögin, er sendur til sumardvalar á eyðieyju.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Lífið** (9:10) (Life: Plöntur) Á plánetunni okkar er talið að séu meira en 30 milljónir tegunda af dýrum og plöntum. Í myndaflokknum segir David Attenborough frá nokkrum óvenjulegustu, snjöllustu, furðulegustu og fegurstu aðferðunum sem dýrin og plönturnar hafa komið sér upp til að halda lífi og fjölga sér.

**21.00 Lífið á tökustað** (9:10) (Life on Location)

**21.15 Lífsháski** (Lost VI) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Íslenski boltinn**

▶**23.00 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)

**23.45 Kastljós** (e)

**00.15 Fréttir** (e)

**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Good Night, and Good Luck**

**10.00 Roxanne**

**12.00 Wall-E**

**14.00 Good Night, and Good Luck**

**16.00 Roxanne**

▶**18.00 Wall-E**

**20.00 Shopgirl**

**22.00 Shooter**

**00.05 Across the Universe**

**02.15 Daltry Calhoun**

**04.00 Shooter**

**06.05 Grilled**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:12)

**10.50 Cold Case** (1:22)

**11.45 Falcon Crest** (17:18)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Snow 2. Brain Freeze**

**14.40 Notes From the Underbelly** (10:10)

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, A.T.O.M., Apaskólinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (4:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (2:22) (2.22)

▶**20.10 American Idol** (42:43) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna. Allir sigurvegarar síðustu ára hafa slegið í gegn og eiga nú gæfuríkan söngferil.

**20.55 American Idol** (43:43) Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokaþætti af American Idol.

**22.40 Supernatural** (13:16)

**23.20 That Mitchell and Webb Look** (6:6)

**23.50 Bones** (16:22)

**00.35 Curb Your Enthusiasm** (5:10)

**01.05 Greatest Silence. Rape In the Congo**

**02.25 Snow 2. Brain Freeze**

**03.50 Supernatural** (13:16)

**04.35 That Mitchell and Webb Look** (6:6)

**05.05 The Simpsons**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.30 Liverpool - Hull** Útsending frá leik Liverpool og Hull í ensku úrvalsdeildinni.

**19.15 Everton - Man. Utd.** Útsending frá leik Everton og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Gullit**

**23.00 Wigan - Arsenal** Útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.55 Crowne Plaza Invitational** Útsending frá Crowne Plaza Invitational mótinu i golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

**17.55 NBA körfuboltinn. Orlando - Boston** Útsending fra leik Orlando og Boston í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

**19.45 Valur - Fylkir** Bein útsending frá leik Vals og Fylkis í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**23.05 Valur - Fylkir** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**01.00 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Phoenix** Bein útsending frá leik Lakers og Phoenix i úrslitakeppni NBA körfuboltans.

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**

**08:00 Dr. Phil** (e)

**08:45 Rachael Ray** (e)

**09:30 Pepsi MAX tónlist**

**17:15 Rachael Ray**

**18:00 Dr. Phil**

**19:00 The Real Housewives of Orange County** (7:12)

**19:45 King of Queens** (22:24) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

▶**20:10 Melrose Place** (17:18) Glæný og spennandi þáttaröð um ungt fólk sem býr í sömu byggingu í Los Angeles. Öll eiga þau áhugaverða sögu og ýmis leyndarmál að fela. Lauren gerir allt til að fá David til að fyrirgefa sér, Ella reynir að bjarga vinnunni sinni og Drew og Jonah berjast um Riley.

**20:55 One Tree Hill** (22:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.

**21:40 CSI** (14:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Einn liðsmanna hljómsveitarinnar Rascal Flatts fær raflost á tónleikum sveitarinnar í Las Vegas. Rannsóknardeildin reynir að komast að því hvort um slys var að ræða eða hvort einhver vildi hann feigan.

**22:30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Aðalgestur hans að þessu sinni er leikkonan Katherine Heigl. Þá kíkir leikarinn og söngvarinn Matthew Morrison í heimsókn og Allison Moorer tekur lagið.

**23:15 Californication** (10:12) (e)

**23:50 Law & Order: UK** (4:13) (e)

**00:40 King of Queens** (22:24) (e)

**01:05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.

**21.00 Frumkvöðlar** Þáttur um frumkvöðla fyrir alla frumkvöðla í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.30 Óli á hrauni**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Mastercraft jeppadekk

Sólning og Barðinn bjóða hin vönduðu dekk frá Mastercraft í Bandaríkjunum.

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa og veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í sumar með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á 100 ára reynslu.

Mastercraft TIRES




SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla 4, sími 553 0440

SÓLNING | BARÐINN

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.40**

### Supernatural

Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Bræðurnir festast inni í draugahúsi í kvöld þar sem draugar úr fortíðinni ásækja þá.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Lífsháski

**Sjónvarpið kl. 21.15**



Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast. Meðal leikenda eru Ken Leung, Henry Ian Cusick, Elizabeth Mitchell, Jeremy Davies Josh Holloway, Rebecca Mader og Evangeline Lilly.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Girni, grúsk og glóríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 E.R.** (22:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Cold Case** (21:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**22.35 The Mentalist** (20:23) Önnur serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.

**23.20 Twenty Four** (18:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé. Þegar neyðarástand skapast í New York renna þau áform út í sandinn.

**00.05 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.

**00.50 E.R.** (22:22)

**01.35 Sjáðu**

**02.00 Fréttir Stöðvar 2**

**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**12.10** Blackadder II **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** The Weakest Link **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** Gavin And Stacey **18.30** Hotel Babylon **19.20** Mistresses **20.10** Gavin And Stacey **20.40** Strictly Come Dancing **22.00** Strictly Come Dancing **22.45** Gavin and Stacey

### DR 1

**11.20** Fra sangleg til breakdance **11.40** Seinfeld **12.00** Kender du typen **12.30** Kæft, trit og knus **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Karlsson på taget **16.00** Når elefantpasserne møder deres overmænd **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Søren Ryge direkte **18.00** Livets planet **18.50** Bagom Livets planet **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Morse **21.40** OBS **21.45** Vejrets magt **22.15** Boogie Mix

**10.40** Dallas **11.25** Urter **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Svenske dialektmysterium **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Gjensyn med Billedbrev fra Norge **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Puls **18.15** Måltidet jeg aldri glemmer **18.45** Tradisjonshandverk **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Miss Marple **21.05** Kveldsnytt **21.20** Kroniken **22.20** Drømmen om et sex-palass

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.50** Trädgårdsfredag **11.20** 1800-talet ut-och-in **12.20** I rök och dans **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Sverige! **15.25** Bubblan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **19.00** Kommissarie Winter **20.00** Junebug **21.45** Kören **22.45** Landet runt **23.30** På egna ben


# Sjómannadagsblað Grindavíkur

# 2010 komið út!




**100 síðna blað troðfullt af myndum og efni utan af sjó. Blaðið verður selt í lausasölu í verslunum Pennans - Eymundssonar**

**SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR**

Hafnargötu 9 - 240 Grindavík - Sími: 426 8400 – Fax: 426 8405 – Netfang: svgrindavik@gmail.com - www.svg.is

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Twin Peaks og Children of the Stones, breskur barnwaþáttur frá 1977. Mér finnast flestir sjónvarpsþættir svo skrítnir en ég skil þessa tvo.“*

Jarþrúður Jara Karlsdóttir tónlistarkona.

# Framleiðendur kætast yfir goslokum

„Það varð allt stopp í gosinu. Ég held samt að gosið sjálft hafi ekki haft mestu áhrifin heldur sú staðreynd að flugvellir í Evrópu voru að lokast,“ segir Kristinn Þórðarson hjá Saga Film. Símar hjá íslenskum framleiðslufyrirtækjum eru farnir að hringja á ný og fyrirspurnir í tölvupóstum teknar að berast eftir að öll þjónusta við erlend kvikmyndagerðarfyrirtæki hafði nánast legið niðri síðan eldgosið í Eyjafjallajökli hófst. Nú virðist gosið hins vegar búið þótt ekki sé búið að gefa út formlega yfirlýsingu um endalok þess.

Íslensk framleiðslufyrirtæki hafa notið góðs af því að gera auglýsingar hér á landi fyrir erlend stórfyrirtæki en sá iðnaður lognaðist nánast út af á meðan askan þeyttist úr iðrum jarðar.

Lilja Ósk Snorradóttir, framkvæmdarstjóri Pegasus, tekur undir orð Kristins. „Eiginlega um leið og fyrsta goslokafréttin birtist á netinu fóru símarnir að hringja og fyrirspurnir tóku að berast eftir að þessi markaður hafði legið niðri.“ Leifur B. Dagfinnsson hjá True North hefur sömu sögu að segja, nánast engar fyrirspurnir eða símhringingar hafi komið á meðan á gosinu stóð. „En nú er þetta aðeins öðruvísi, það tekur auðvitað sinn tíma að koma þessu aftur af stað en það eru allavega símar farnir að hringja,“ segir Leifur. -fgg





**FAGNA GOSLOKUM** Lilja Ósk Snorradóttir og Leifur B. Dagfinnsson eru fegin að gosinu er lokið. Erlendir aðilar eru loks aftur farnir að hringja og senda tölvupósta.



**LÁRÉTT**
2. læra, 6. guð, 8. málmur, 9. tímabil, 11. karlkyn, 12. benda, 14. safna saman, 16. í röð, 17. kelda, 18. besti árangur, 20. þys, 21. kvk. spendýr.

**LÓÐRÉTT**
1. gryfja, 3. tveir eins, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. ról, 7. kviknakinn, 10. úrskurð, 13. kóf, 15. gegna, 16. tunnu, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lesa, 6. ra, 8. eir, 9. öld, 11. kk, 12. flóki, 14. smala, 16. áb, 17. fen, 18. met, 20. ys, 21. urta.
**LÓÐRÉTT:** 1. gróf, 3. ee, 4. sikiley, 5. ark, 7. allsber, 10. dóm, 13. kaf, 15. ansa, 16. ámu, 19. tt.

## SVÖR

Svör við spurningum á bls. 8

1. Makalaus.
2. Magnús Árni Magnússon.
3. Áttatíu ára afmæli.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

MAGNÚS GUÐBERGUR JÓNSSON: ÆTLUM AÐ FINNA VERÐUGAN FULLTRÚA

# Linda Pé dómari í fyrstu fegurðarkeppni homma

„Þetta er byggt upp eins og fyrir-sætukeppni nema hvað að undirfatasýning og annað slíkt er klippt út,“ segir Magnús Guðbergur Jónsson sem stendur fyrir fyrstu Hr. Hinsegin-keppninni á Íslandi. Sigurvegarinn verður krýndur við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúskjallaranum þann 5. júní næstkomandi en þegar hafa átta keppendur skráð sig til leiks. Verðlaunin eru ekki af verri endanum, þriggja daga hótelgisting á einu glæsilegasta hóteli New York-borgar, árskort í ræktina svo ekki sé minnst á titilinn sjálfan sem gefur viðkomandi rétt til að keppa fyrir hönd Íslands í Mr. Gay Europe í Genf og Mr. Gay World á Filipseyjum á næsta ári.

Magnús keypti réttinn að Mr. Gay-keppninni en hann var sjálfur þátttakandi í Mr. Gay World fyrir ári síðan. Þar varð Magnús fyrir slíkri uppljómun og hughrifum að honum fannst hann verða að koma skilaboðum keppninnar á framfæri. „Ég áttaði mig þá, þegar ég heyrði sögurnar sem hinir höfðu að segja, hvað samkynhneigðir á Norðurlöndunum hafa það gott. Við tökum stundum ekki eftir því hvað er að gerast í kringum okkur í þessum málum og það er hálfgerð skömm að þessar þjóðir skuli ekki hafa þrýst á önnur lönd að bæta úr þessu,“ segir Magnús. Keppnin beini því sjónum sínum að baráttu minnihlutahópa og þá sérstaklega homma og lesbía.

Magnús segir það sér mikið kappsmál að réttur aðili fari fyrir hönd Íslands, að viðkomandi geti frætt aðra um Ísland, stöðuna hér á landi og miðlað af reynslu og þekkingu um jafnrétti og velferð. Magnús hefur fengið til liðs við sig glæsilega dómnefnd en ef allt gengur að óskum munu Linda Pétursdóttir, fyrrum alheimsfegurðardrottning og athafnakona, Sigríður Klingenberg, spákona, Friðrik Ómar, Hafsteinn Þórólfsson og Jarl Hökedal sitja í dómnefndinni. „Jarl kemur frá Mr. Gay World og er sá sem gefur hótelgistinguna í New York,“ segir Magnús en að öllum líkindum verður Heiðar Jónsson kynnir.

freyrgigja@frettabladid.is



### ÆTLAR AÐ FINNA RÉTTA MANNINN

**Magnús Guðbergur Jónsson** keppti sjálfur í Mr. Gay Europe og Mr. Gay World með ágætis árangri. Hann hefur nú keypt réttinn að þessari keppni hér á landi og blæs til Hr. Hinsegin í Þjóðleikhúskjallaranum. Meðal dómara verða **Linda Pétursdóttir, Hafsteinn Þórólfsson** og Sigríður Klingenberg.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmaðurinn Ingólfur Þórarinsson, eða **Ingó Veðurguð**, hefur líklega aldrei verið vinsælli. Hann syngur í hverri auglýsingunni á fætur annarri, spilar fyrir fullu húsi á Oliver á hverju fimmtudagskvöldi og spilar sömuleiðis vítt og breitt um landið við hin ýmsu tækifæri. Ingó er því sérlega eftirsóttur skemmtikraftur og taxti hans er í samræmi við það því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tekur hann um eitt hundrað þúsund krónur fyrir nokkurra laga syrpu á kassagítarinn.



**Nonni kjúði** og strákarnir í hljómsveitinni Diktu eru nýkomnir heim úr stuttri en vel heppnaðri tónleikaferð um Lúxemborg og Þýskaland. Óvíst var hvort af ferðinni yrði vegna eldgossins í Eyjafjallajökli en strákarnir sluppu fyrir horn og komust út. Í Lúxemborg spilaði sveitin á útihátíðinni Food For Your Senses. Stemningin þar var góð og mætti fjöldi Íslendinga á tónleikana til að berja þessu vinsælu hljómsveit augum.



Úrslitin í Eurovisionkeppninni á laugardagskvöld ollu Íslendingum nokkrum vonbrigðum. Söngkonan **Hera Björk** hafði lýst því yfir að þjóðin þyrfti að búa sig undir að keppnin yrði á Íslandi á næsta ári en þegar stigagjöfin hófst varð fljótt ljóst að engin innistæða var fyrir þeim ummælum. Niðurstaðan varð 19. sætið þrátt fyrir ágætis frammistöðu íslenska hópsins. Hera og hennar fólk getur þó huggað sig við að vel gekk á undanúrslitakvöldinu á þriðjudag. Upplýst hefur verið að þar hafnaði Ísland í þriðja sæti með 123 stig. Grikkir voru tíu stigum ofar en Belgar sigruðu örugglega með 167 stig. -fb, hdm



# Bjó til nýtt samgöngukerfi

Vöruhönnuðurinn Þórunn Árnadóttir hefur hannað nokkuð sérstakan hanska sem nefnist Hitchhike, eða Puttalingurinn. Hanskinn þjónar sem nokkurs konar samskiptatæki milli bílstjóra og ferðalangs og hefur ítalska hönnunartímaritið Abitare meðal annars fjallað um hanskann.

Þórunn Árnadóttir útskrifaðist úr hönnunardeild Listaháskóla Íslands árið 2007 og var sama ár valin ein af tíu frambærilegustu unghönnuðum Norðurlanda af hönnunartímaritinu AID. Hún stundar nú meistaranám í vöruhönnun við Royal College of Art í London. Þórunn segist hafa fengið hugmyndina að Puttaling á meðan hún dvaldi í Höfðaborg í Suður Afríku. „Verkefnið varð til út frá rannsókn þar sem við áttum að skoða Suður-Afríska menningu. Ég hafði sérstakan áhuga á að skoða samskiptamáta í landi með ellefu opinber tungumál og sem er samblanda margra þjóða. Ég komst að því að fólkið þar notar alls kyns handamerki til að ná sambandi við strætisvagna- og leigubílstjóra. Fólk notaði táknmálið til að gefa til kynna í hvaða átt það var að fara og bílstjórinn stoppaði ef hann var á sömu leið,“ útskýrir Þórunn. „Ég ákvað að taka þetta kerfi og uppfæra það þannig að hægt væri að nota það í London. Hér eru almenningsfarartæki alltaf yfirfull af fólki en svo er aðeins ein manneskja í hverjum einkabíl. Með þessu bjó ég í rauninni til nýtt samgöngukerfi byggt á handtáknum þar sem hanskinn er bæði miðinn og stöðvunarskiltið fyrir kerfið. Þetta er svolítið róttæk hugmynd en það var athyglisvert að pæla í hvernig megi laga og bæta samgöngur innan stórborga,“ segir Þórunn að lokum. Hönnun Þórunnar má skoða á vefsíðunni www.thorunndesign.com. -sm





**HÆFILEIKARÍK** Þórunn Árnadóttir hefur vakið mikla athygli með hönnun sinni undanfarin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PUTTALINGUR** Hið virta hönnunartímarit Abitare fjallaði meðal annars um nýtt skólaverkefni Þórunnar, Puttalinginn.

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 1. júní

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**MATSFRÆÐI**

**PEDAGOGISTA**

**HUGVERKARÉTTUR**

**ÞVERFRÆÐILEGT NÁM Í KYNFRÆÐI**

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

Umsagnir fyrrum nemenda:

„Eitt það besta við nám í Endurmenntun er að einungis er tekið fyrir eitt fag í einu og það klárað áður en næsta fag hefst. Ekki skemmir að andinn hjá Endurmenntun er frábær hvort sem er hjá nemendum eða starfsmönnum sem maður þarf að leita til.“

**Laufey Sigurðardóttir, útskrifuð úr Gæðastjórnun**

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru í fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni.“

**Íris Sveinsdóttir, útskrifuð úr Leiðsögunámi á háskólastigi**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hver leikur Jón?

Sigur Besta flokksins í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík á eftir að gjörbreyta lífi oddvitans **Jóns Gnarr**. Þannig verður að teljast ólíklegt að Jón geti sinnt miklu af þeim verkefnum sem hann var með á prjónunum. Má þar nefna Fóstbræðrasýninguna sem fer á fjalirnar í Borgarleikhúsinu á næsta ári og nýja grínþáttaseríu Vaktahópsins. Þá hlýtur að liggja beint við að Jón láti af starfi sínu sem hirðskáld Borgarleikhússins en fyrir það hefur hann þegið góð laun undanfarið. Þetta eru þó lítilvæg atriði í hinu stóra samhengi. Stóra spurningin sem hlýtur að brenna á þjóðinni er hver muni leika Jón Gnarr í Áramótaskaupinu?



### Var í startholunum

Íslendingar eru vongóð þjóð og sérstaklega þegar kemur að Eurovision. Enn einu sinni voru helstu áhyggjur fjölda fólks í aðdraganda keppninnar að við hefðum einfaldlega ekki efni á að halda keppnina að ári, sigurinn væri að sjálfsögðu vís. Jafnvel fannst fólki þau Hera og Örlygur Smári gera landanum óleik að setja slíkt eðallag í keppnina í miðri kreppu. Stjórnendur Rúv fóru ekki varhluta af þessum áhyggjum og voru búnir að undirstinga Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra með að koma í viðtal þegar sigurinn væri ljós. Rúv væri þannig fyrst með fréttirnar af viðbrögðum stjórnvalda við Eurovision á Íslandi 2011.

-hdm / - kóp



## Mest lesið vísir.is

1. Besti flokkurinn sigurvegari - talningu lokið í Reykjavík
2. Áfall fyrir Sóleyju Tómasdóttur
3. Vill aukið samstarf í borgarstjórn
4. Einar Skúlason: „Ætla að einbeita mér að því að vera...
5. Allir nýir borgarfulltrúar koma af Æ-lista


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



